

SPOR

Ævi Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur
frá Hurðarbaki í Flóa

Þetta er bók nr.

Med hveðis frá höfund
Guðmundur Sæmundsson

Dr. Guðmundur Sæmundsson aðjunkt við Háskóla Íslands

SPOR

Ævi Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur frá Hurðarbaki í Flóa

© 2016: Guðmundur Sæmundsson, BláSkógar ehf

Seltjarnarnesi

Prentun: Samskipti ehf, Reykjavík.

Guðmundur Sæmundsson

SPOR

**Ævi Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur
frá Hurðarbaki í Flóa**

BláSkógar ehf

Seltjarnarnesi 2016

Efnisyfirlit

Formálsorð	7
Fyrsti hluti: Ung stúlka úr Flóanum	8
Formæður og forfeður	11
Frá Ingva Tyrkjakóngi	12
Frá Arndísi Einarsdóttur á Raufarfelli undir Eyjafjöllum	14
Frá Guðnýju Jónsdóttur prestsfrú á Torfastöðum	16
Hurðarbak í Flóa	17
Örnefnið Hurðarbak(ur)	19
Hurðarbak í Sunnlenskum byggðum	21
Þar sem æskunni lauk	22
Haldið á Laugarvatn	27
Nafnabók frá Sæma	29
Hvernig kona var hún Gunna?	36
Sæmi og fólkið hans	39
Heimilið í Efstasundi 28	42
Daglegt líf	48
Heimilisstörf	49
Uppeldi óþekkra drengja	52
Hjónin Gunna og Sæmi	56
Annar hluti: Áföllin hræðilegu	57
„Þótt blómin falli“	58
Hreiðar verður fyrir bíl og deyr	60
Matthías Viðar fer í fóstur	70
Þriðji hluti: Afleiðingarnar	73
Krabbameinið	75
Áhrif veikindanna á heimilið	78
Trúin á Guð og annað líf	80
Andlát og framhaldslíf	83
Jarðarför og erfiljóð	83
Lokaorð: Arfur Gunnu	86
Niðjatal Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur	88
Heimildir	91
Styrktaraðilar bókarinnar	93



Þessi mynd af Guðrúnu er sennilega frá því um 1940 þegar hún var tvítug.

Formálsorð

Í nóvember 2015 voru liðin 50 ár síðan móðir mín dó langt fyrir aldur fram. Í febrúar 2016 hefði hún orðið 96 ára gömul, hefði hún lifað. Margir lifa lengur en það í þessari kynsterku ætt nema alvarleg veikindi komi til. Hafi einhvern tíma verið ástæða til að staldra við og minnast hennar sem gaf mér og bræðrum mínum svo mikið er það nú. Mér er sagt að ég hafi erft margt frá móður minni. Ég er viss um að það er rétt. Ég ber einnig sterkan svip af mörgu í atferli og skoðunum föður míns. Ég er stoltur af þeim báðum og tel þau mér til framdráttar.

Undirbúningur þessa litla rits hefur fyrst og fremst farið fram í huga mér í nokkur ár. Með því langar mig til þess að kynna hana fyrir þeim afkomendum hennar sem aldrei fengu tækifæri til að kynnast henni. Ég hef valið að láta samantektina hverfast fyrst og fremst um þá miklu sorgaratburði sem for-eldrar mínir upplifðu, andlát þriggja fyrstu barnanna sinna á hálfu öðru ári og loks missi þess yngsta. Enginn getur ímyndað sér þær miklu sorgir sem slíkir atburðir valda. Þeir skildu eftir djúp spor í sálarlífi þeirra. Þau spor mörkuðu einnig líf okkar bræðranna á ýmsan hátt. Nátengt þessum áföllum var heilsuleysið sem móðir mín mátti berjast við alla sína ævi.

Að sjálfsögðu hef ég rætt við ýmsa við undirbúning þessarar bókar, bæði beint og í gegnum samfélagsmiðla og tölvupóst. Það á við um bræður mína og fleiri ættingja lífs og liðna. Að öðru leyti hef ég reynt að tilgreina heimildir að því sem hér kemur fram. Ég vil færa eftirlifandi systkinum og mágkonum móður minnar sérstakar þakkir fyrir góð samtöl, þeim Rúnu, Gísla, Möggu, Þórunni og Helgu.

Ég þakka öllum sem eiga sinn skerf í tilurð þessa rits, sérstaklega eiginkonu minni Ingibjörgu sem hefur hvatt mig áfram og lesið allan texta yfir. Sjálfur hef ég haft af þessu mikið gagn. Þetta hefur verið mér sáluhjálp og uppgjör en fyrst og fremst gefandi lærdómur.

Júní 2016,

Guðmundur Samundsson



Foreldrar Guðrúnar, Guðmundur Kristinn og Þuríður, um 1950.

Fyrsti hluti: Ung stúlka úr Flóanum

Guðrún Árný Guðmundsdóttir fæddist 27. febrúar 1920. Hún gantaðist oft með það að lengi vel hefði verið flaggað á afmælisdegi sínum því að Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, hefði átt afmæli sama dag.

Foreldrar hennar voru Þuríður Árnadóttir og Guðmundur Kristinn Gíslason. Þuríður fæddist 4. ágúst 1894. Hún ólst upp að Hurðarbaki í Villingaholtshreppi með tólf systkinum sínum, dóttir hjónanna Árna Pálssonar og Guðrúnar Sigurðardóttur sem ættuð var frá Lambafelli undir Eyjafjöllum. Systkini Þuríðar voru: (Eldri) Magnús, Guðrún, Páll, Guðmundur, Sigfús og Árni. (Yngri) Guðbjörg, Theodór, Málfríður, Ólafur Ingi, Jón og Helgi.

Guðmundur fæddist 9. desember 1890 og ólst upp að Urriðafossi í Flóa með tíu systkinum, sonur hjónanna Gísla Guðmundssonar og Guðrúnar Einarsdóttur frá Urriðafossi en móðir Guðrúnar átti heima á Neistastöðum í Villingaholtshreppi. Systkini Guðmundar voru: (Eldri) Einar, Jóhanna, Guðmundur (lést á 1. ári), Guðmundur Ágúst (lést 1 árs), Einar Ágúst (lést 2 ára), Þorgeir (lést 1 árs), Kristgerður Eyrún og Guðjón. (Yngri) Katrín og Jóreiður Júlía.

Þuríður og Guðmundur hófu búskap á hálfri jörðinni að Urriðafossi árið 1919. Þau fluttust að Hurðarbaki árið 1925. Þar bjuggu þau allt þar til Guðmundur lést 20. október 1954 en nokkru síðar fluttist Þuríður til Selfoss. Þar bjó hún í meira en 30 ár hjá Jóhönnu dóttur sinni og Sigurði tengdasyni sínum, allt til dauðadags 15. maí 1985. Síðustu mánuðina dvaldi hún þó á Sjúkrahúsi Suðurlands. Þuríður og Guðmundur eignuðust samtals tíu börn og var Guðrún Árný - Gunna - elst þeirra (1920 – 1965). Hin eru:

- Eyrún - Rúna (f. 1921), bóndi og húsmóðir. Hún giftist Einari Einarssyni bónda (látinn) og saman bjuggu þau í Dalsmynni í Flóa. Rúna býr nú á Lundi við Hellu. Þau eignuðust 8 börn sem eru: Alda (f. 1941), Erna (1943 – 1994), Ólafur (f. 1945), Jóhanna (f. 1947), Guðmundur Sigurgeir (1950 – 1989), Ingibjörg (f. 1955), Þuríður (f. 1958) og Svava (f. 1965).
- Sigurbjörg – Bogga (1922 – 2008), listmálari og húsmóðir. Hún giftist Þórmundi Guðsteinssyni mjólkurbílsstjóra (látinn). Þau bjuggu á Sel-



Þessi mynd af Hurðarbakssfjölskyldunni er tekin í kringum 1950. Efri röð frá vinstri: Gunna, Sigga, Helga, Hanna, Bogga og Rúna. Neðri röð frá vinstri: Gísli, Guðmundur, Munda, Þuríður og Rúnar.



Foreldrar Guðrúnar, þau Guðmundur og Þuríður. Myndin til vinstri er tekin um 1920 þegar þau voru að hefja búskap og sú til hægri upp úr 1950.



fossi og eignuðust fjögur börn sem eru: Guðmundur Kristinn (f. 1942), Þuríður (f. 1944), Gunnar (f. 1951) og Anna Kolbrún (f. 1957).

- Sigríður – Sigga (1923 – 2016), þrjónakona og húsmóðir. Hún giftist Jóni Sigurðssyni bifreiðaeftirlitsmanni (látinn). Þau bjuggu á Selfossi og eignuðust 8 börn sem eru: Guðmundur Kristinn (f. 1946), Sigurður (f. 1948), Þuríður (f. 1951), Gísli (f. 1954), Sigríður (f. 1956), Kári (f. 1960), Gunnar (f. 1961) og Ásmundur (f. 1967).
- Jóhanna – Hanna (1924 – 2003), saumakona og húsmóðir. Hún giftist Sigurði Sigurðssyni mjólkurbílsstjóra (látinn). Þau bjuggu á Selfossi og ólu upp Matthías Viðar Sæmundsson, son Guðrúnar Árnýjar (látinn).
- Guðmunda – Munda (1925 – 1990), saumakona og húsmóðir. Hún giftist Kristjáni Guðmundssyni verkalýðsleiðtoga (látinn). Þau bjuggu á Selfossi og eignuðust þrjá syni sem eru: Guðmundur (f. 1953), Haraldur Magnús (f. 1957) og Lárus Þór (f. 1962). Kristján bjó í Vík í Mýrdal síðustu árin.
- Gísli (f. 1926), yfirlögregluþjónn. Hann kvæntist Margréti Árnadóttur listamanni og húsmóður. Þau búa í Reykjavík og eiga þrjú börn sem eru: Guðmundur Kristinn (f. 1957), Árni (f. 1963) og Soffía (f. 1965).
- Rúnar (1927 – 2015), lögregluvarðstjóri. Hann kvæntist Þórunni Einarsdóttur hannyrðakonu og húsmóður. Þau bjuggu í Reykjavík og eignuðust fjögur börn sem eru: Hulda (f. 1956), Guðmundur (f. 1958), Hrefna (f. 1961) og Einar (f. 1966). Þórunn býr nú í Þorlákshöfn.
- Drengur (fæddur andvana 1931).
- Ingibjörg Helga (f. 1933), listamaður og húsmóðir. Hún giftist Ingvari Gunnlaugssyni sjómanni (látinn). Þau bjuggu í Vestmannaeyjum fram



Afi og amma Guðrúnar í föður-ætt, foreldrar Guðmundar Kristins Gíslasonar á Hurðarbaki, þau Gísli Guðmundsson bóndi á Urriðafossi (t.v.) og Guðrún Einarasdóttir bóndi á Urriðafossi, ættuð frá Neistastöðum (t.h.).



að gosi en bjuggu lengst af á Selfossi eftir það, þar sem Helga býr nú. Þau eignuðust fimm börn sem eru: Elísabet (f. 1956), Guðmundur Kristinn (f. 1959), Þröstur (f. 1963), Svanur (f. 1963) og Þuríður (f. 1972).⁹

Formæður og forfeður

Framættum Hurðarbaksættar eru gerð góð skil í handriti sem heitir *Inglingatal í niðurstígandi línu til Árna Pálssonar, hreppstjóra á Hurðarbaki* og er sennilega tekið saman af Ólafi Árnasyni, bróður Þuríðar. Þar er ættin rakin til Árna föður hennar úr ýmsum áttum, fyrst frá Ingva Tyrkjakonungi (100 ár fyrir Krist), síðan frá Hrómundi berserki sem uppi var um 600 e. Kr., þá frá Jóni Arasyni biskupi, næst frá Sæmundi fróða, þá aftur frá Jóni Arasyni en aðra leið, einnig frá Arndísi Einarasdóttur fæddri u.þ.b. 1660 – 1670 á Raufarfelli undir Eyjafjöllum og að lokum frá Gissuri Gíslasyni í Lækjarbotnum um 1600. Til gamans er hér birt rakningin út frá Tyrkjakóngi annars vegar og hins vegar út frá Raufarfellsfrúnni og haldið að sjálfsögðu áfram með hana til Guðrúnar, aðalpersónu þessarar bókar. Til viðbótar er svo ættrakning Íslendingabókar frá Guðnýju Jónsdóttur (fæddri 1580) prestsfrú á Torfastöðum til Guðrúnar gegnum föðurætt hennar.

Hefst þá ættrakningin.

Frá Ingva Tyrkjakóngi

1. Ingvi Tyrkjakóngur um 100 f.Kr.
2. Njörður Ingvason hinn auðgi í Nóatúnum í Svíþjóð um 70 f.Kr. Hans kona var Skaði Þjassadóttir jötuns.
3. Freyr Njarðarson Svíakóngur og guð frjóseminnar, kvæntur Gerði Gymisdóttur. Systir hans var Freyja.
4. Fjöltnir Freysson Svíakóngur. Réði Uppsalaauði eftir föður sinn.
5. Svegðir Fjölnisson Svíakóngur. Kvæntur Vönu úr Vanalandi.
6. Vanlandi Svegðisson Svíakóngur. Kvæntur Drífu dóttur Snæs Finnakóns.
7. Vistur Vanlandsson Svíakóngur.
8. Dómaldi Vistursson Svíakóngur. Honum var blótað til árs og friðar.
9. Dómar Dómaldsson Svíakóngur.
10. Dyggvi Dómarsson Svíakóngur, kvæntur Drótt Dumpsdóttur Danakóns.
11. Dagur Dyggvason hinn spaki, Svíakóngur. Skildi fuglamál.
12. Agni Dagsson Svíakóngur. Kvæntur Skjálfr Frostadóttur af ætt Finnakóna.
13. Alrekur Agnason Svíakóngur.
14. Ingvi Alreksson Svíakóngur.
15. Jörundur Ingvason Svíakóngur.
16. Án Jörundsson hinn gamli, Svíakóngur. Ríkti 328 – 518 e.Kr. Lifði í 200 ár.
17. Egill Ánsson Tummadólgi Svíakóngur 518 – 540.
18. Óttar Egilsson Vendilkráka Svíakóngur 540 – 585.
19. Aðils Óttarsson kóngur í Uppsölum í Svíþjóð 585 – 600. Átti Yrsu dóttur Helga konungs Hálfðánarsonar á Hleiðru.
20. Eysteinn Aðilsson Uppsalakóngur 600 – 625. Átti Úlrúnu dóttur Kjars kóns á Vallandi.
21. Ingvar Eysteinnsson harri konungur Svíþjóðar og Uppsalaauðs 625 – 648.
22. Önundur Ingvarsson konungur Svíþjóðar og Uppsalaauðs 648 – 660. Lét ryðja vegi og var kallaður Braut-Önundur.
23. Ingjaldur Önundarson illráði Svíakóngur á Uppsölum 660 – 690.

24. Ólafur Ingjaldsson trételgja Vermalandskóngur 670 – 700.
25. Hálfván Ólafsson hvítbein konungur yfir Raumaríki, Vermalandi, Heiðmörk, Haðalandi og Vestfold frá um 700 – 740.
26. Guðröður Hálfvánarson fylkiskonungur yfir Heiðmörk í Noregi 740 – 775.
27. Ólafur Guðröðarson konungur um 770 – 800.
28. Helgi Ólafsson konungur í Danmörku 825 - 840. Kvæntur Þóru Sigurðardóttur Ragnarssonar loðbrókar.
29. Ingjaldur Helgason konungur yfir Vestfold í Noregi 840 – 850.
30. Ólafur Ingjaldsson hvíti konungur í Dyflinni á Írlandi 852 – 875. Átti Auði djúpúðgu Ketilsdóttur flatnefs landnámskonu.
31. Þorsteinn Ólafsson rauður konungur í Skotlandi 875 – 888.
32. Ólafur Þorsteinsson feilan stórbóndi í Hvammi í Dölum. Sonur hans var Kjartan Ólafsson.
33. Helga Ólafsdóttir, gift Gunnari Hlíðarsyni.
34. Jófríður Gunnarsdóttir, var gift Þorsteini hvíta Egilssonar, syni Egils Skalla-Grímssonar.
35. Hrífla Þorsteinsson.
36. Egill Hrífluson.
37. Skúli Egilsson.
38. Þórður Skúlason.
39. Böðvar Þórðarson, dó 1187.
40. Guðný Böðvarsdóttir, eiginkona Hvamm-Sturlu Þórðarsonar.
41. Snorri Sturluson hinn fróði í Reykholti (1178 – 1246).
42. Þórdís Snorradóttir, gift Þorvaldi Snorrasyni frekju, goða í Vatnsfirði.
43. Einar Þorvaldsson í Vatnsfirði.
44. Vilborg Einarisdóttir hertogaynja, gift Eiríki Sveinbjörnssyni riddara.
45. Einar riddari Eiríksson í Vatnsfirði.
46. Bjarni Einarsson Jórsalafari í Vatnsfirði.
47. Vatnsfjarðar-Kristín Bjarnadóttir. Átti Þorleif ríka Árnason.
48. Björn Þorleifsson ríki, hirðstjóri, kvæntur Ólöfu ríku.
49. Þorleifur Björnsson.
50. Helga Þorleifsdóttir.
51. Kristín Eyjólfsdóttir, kona Gísla biskups Jónssonar í Skálholti.

52. Árni Gíslason halti [og erfist þaðan mjaðmamein það sem hrjáð hefur suma úr ættinni allt til vorra daga].
53. Gísli Árnason prestur í Holti.
54. Guðríður Gísladóttir.
55. Sigríður Ólafsfóttir.
56. Bjarni Halldórsson hreppstjóri á Víkingislæk.
57. Stefán Bjarnason hreppstjóri Árbæ.
58. Brynjólfur Stefánsson (1759 – 1841), hreppstjóri Kirkjubæ.
Eiginkona: Helga Jónsdóttir (1766 – 1844) frá Móeiðarhvolshjáleigu.
Þau áttu 18 börn saman en hann átti að auki eitt barn.
59. Guðmundur ríki Brynjólfsson (1794 – 1883), óðalsbóndi Keldum.
Eiginkona: Ingiríður Árnadóttir (1795 – 1829).
60. Páll Guðmundsson bóndi frá Keldum, hreppstjóri Selalæk (1834 – 1870). Kona hans var Þuríður Þorgilsdóttir (1832 – 1869).
61. Árni Pálsson hreppstjóri Hurðarbaki (1859 – 1941). Hann var kvæntur Guðrúnu Sigurðardóttur frá Lambafelli (1862 – 1915).
62. Þuríður Árnadóttir bóndi á Hurðarbaki (1894 – 1985). Gift Guðmundi Kristni Gíslasyni (1890 – 1954).
63. Guðrún Árný Guðmundsdóttir (1920 – 1965).

Frá Arndísi Einarsdóttur á Raufarfelli undir Eyjafjöllum

1. Arndís Einarsdóttir bóndi á Raufarfelli undir Eyjafjöllum 1703, í Selkoti 1709 og bjó í Núpakoti 1729. Eiginmaður: Teitur Þóroddsson bóndi.
2. Eyjólfur Teitsson bóndi í Selkoti, f. 1686, bjó í Selkoti 1729 og á Raufarfelli 1733. Kona hans var Guðríður Arnbjörnsdóttir bóndi, f. 1692.
3. Arnbjörn Eyjólfsson bóndi á Kvoslæk (1726 – 1798). Bóndi á Kvoslæk 1756 – 1798. Kona hans var Sigríður Ólafsdóttir bóndi, f. 1734.
4. Ólafur Arnbjörnsson (1759 – 1835). Bóndi á Torfastöðum í Fljótshlíð en á Kvoslæk 1797 - 1826. Eiginkona hans var Guðrún Pálsdóttir bóndi, f. 1766.
5. Arnbjörn Ólafsson, bóndi á Flókastöðum, kvæntur Guðríði Þorsteinsdóttur (1788 – 1868) sem var 9. frá Jóni Arasyni biskupi.
6. Sigurður Arnbjörnsson (1828 – 1885). Hann var bóndi á Lambafelli undir Eyjafjöllum 1860 – 1862, á Flókastöðum í Fljótshlíð 1862 – 1864,



Gamalt málverk af Hurðarbaksbænum sem Jón Árnason, bróður Þuríðar, hefur sennilega málað.

á Kirkjulæk 1864-1866 og í Vælugerði í Flóa 1866 – 1885. Hann var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Ingigerður Hannesdóttir (1835 – 1862). Dóttir þeirra var Guðrún sem giftist Árna á Hurðarbaki. Síðari konan var Jórunn Þorgilsdóttir.

7. Guðrún Sigurðardóttir (1862 – 1915). Réðst árið 1886 sem bústýra hjá Árna Pálssyni að Hurðarbaki og giftist honum 1887. Árni var sonur Páls Guðmundssonar á Keldum (1834 – 1870) og konu hans Þuríðar Þorgilsdóttur (1832 – 1869).
8. Þuríður Árnadóttir bóndi á Hurðarbaki (1894 – 1985). Gift Guðmundi Kristni Gíslasyni (1890 – 1954).
9. Guðrún Árný Guðmundsdóttir (1920 – 1965).¹⁶

Frá Guðnýju Jónsdóttur prestsfrú á Torfastöðum

1. Guðný Jónsdóttir (fædd 1580) prestsfrú á Torfastöðum í Biskupstungum um 1601 og síðar í Guttormshaga í Holtum. Eiginmaður: sr. Brandur Jónsson (um 1575 – um 1631).
2. Kristín Brandsdóttir (fædd 1615). Síðari maður hennar var Erlendur Gíslason (fæddur 1615) .
3. Guðmundur Erlendsson (fæddur 1656) bóndi á Gafli, kvæntur Arnbjörgu Magnúsdóttur (f. 1659).
4. Erlendur Guðmundsson (f. 1686), bóndi á Vatnsenda í Flóa, kvæntur Helgu Arnoddsdóttur (f. 1694).
5. Guðmundur Erlendsson (1728 – 1819), bóndi á Vatnsenda. Eiginkona: Sigríður Gísladóttir (1739 – 1810).
6. Gísli Guðmundsson, f. (1767 – 1834), bóndi á Efri-Sýrlæk og á Egilsstöðum. Eiginkona hans var Guðrún Jónsdóttir (1773 – 1846) úr Þykkvabæ.
7. Guðmundur Gíslason (1812 – 1887), bóndi á Egilsstöðum. Eiginkona hans var Jóreiður Einarsdóttir (1816 – 1894) frá Bala.
8. Gísli Guðmundsson (1842 – 1926), bóndi á Urriðafossi. Eiginkona hans var Guðrún Einarsdóttir (1850 – 1934) frá Neistastöðum.
9. Guðmundur Kristinn Gíslason (1890 – 1954), bóndi á Hurðarbaki. Eiginkona hans var Þuríður Árnadóttir frá Hurðarbaki (1894 – 1985).
10. Guðrún Árný Guðmundsdóttir (1920 – 1965).¹²



Íbúðarhúsið á Hurðarbaki, séð aftan frá. Myndin er sennilega tekin fyrir 1940, áður en vindmylla var sett á þakið.



Hurðarbak um 1945-1950. Mynd eftir málverki Sigurlínar Grímsdóttur, í eigu Helgu Guðmundsdóttur, systur Guðrúnar.

Hurðarbak í Flóa

Vélritað handrit úr fórum Þuríðar sem Ólafur bróðir hennar hefur sennilega skrifað ber heitið *Jörðin Hurðarbak – Jarðarmat, leigumáli, örnefni o.fl.* Þar er meðal annars vitnað í Jarðarmatsbók Árna Magnússonar frá 1709 um Hurðarbak. Þar kemur fram að eigandi jarðarinnar sé Skálholtsbiskupsstóll en ábúandi Gísli Þorsteinsson. Nautgripir á bænum eru 20, sauðfé 74, hross 10 en jörðin beri þó ekki svo mikið kvikfé. Nóg sé til torfristu og reiðingsristu. Jörðin noti skóg til kolagerðar. Vatn éti rót undan enginu og vatnsból sé erfitt og dugi lítt á vetrum.

Þá segir í handriti Ólafs orðrétt:

Samkvæmt konungsbréfi 8. desember 1790 er stóljörðin Hurðarbak seld í bænda eign með 4 kúgildum á 278 ríkisdali og 35 skildinga. Í jarðartali 1835-1848 segir: Hurðarbak bændaeign 32 1/3 hndr., landskuld 1,10 hndr., kúgildi 5, ábúandi eigandi að hálfri jörðinni. Jarðarmat 1861 fornt mat 32 1/3, nýtt 23,0 hndr.¹⁷

Næst fylgir í samantektinni örnefnalýsing sem minnir bæði á hina fornu Flóamannasögu sem gerðist að hluta í landi Hurðarbaks, meðal annars bardagar miklir: Orrustudalur, Bósaxaheiði, Fornufjós, Mannabeinsmelur, Gamla Stekkjartún, Gunnhóll, Gunnhólsbrekkur, og Skotmannshóll.

Önnur örnefni minna á votlendið sem nóg er af í kringum bæinn: Austurmýri, Bleikskjónadý, Borgarmýri, Borgarmýrarbrún, Borgarmýrarhalli, Deildarmýri, Aldýjaflesja, Dýjakrókur, Engjaklettsdý, Flesjur, Flóðin, Flutningsmýri, Gunnhólsdý, Gvendarbrunnur, Hurðarbaksvatn, Kerið, Kerin, Lindarbrunnur, Lindin, Litlakelda, Litlaker, Maurholt, Maurholtsflóð, Miðflóð, Miðker, Mangalautarmýri, Mógrafarbarð, Skagamýri, Smalaholtsflóð, Stararflóð, Stararflóðshóll, Stekkjarmýri, Stórakelda, Stóraker, Stóravatn, Taglamýrarheiði, Tungumýri, Votakrókshóll, Votikrókur og Þverlæksmýri.

Enn önnur örnefni minna á harðbýli og erfið störf: Gráhellu, Gráhelluhóll, Grílholt, Harðhaus, Harðivöllur, Háubakkar, Háubrekkur, Ruddakrókur, Stóragil, Breiðubakkar, Stóragilsbotn, Smalaholt, Smalaholtstagl, Smalapúfur, og Stórilækur.

Nokkur örnefni bera mannanöfn í sér: Ásmundargil, Mangahóll, Mangalaut, Mangalautarheiði og Þórðarlækur.

Loks er þarna mikill fjöldi almennra örnefna sem ráðast af landslagi eða leiðum: Austurásar, Ból, Breiðugötur, Brekkan, Bæjarholt, Dalsmynni, Engjaklettur, Eystriþverlækur, Fagrabrekka, Flathóll, Framdalur, Gerðið, Gerðisklettur, Hlaðaheiði, Hlaðanef, Hlöðin, Hnauskriki, Hólar, Hurðarbaksheiði, Kirkjugötur, Kirkjuskörð, Klofsteinn, Kúalá, Lág, Lágubrekkur, Láguholt, Litlagil, Litlholt, Lútendi, Markhólar, Mjóubakkar, Neistastaðagötur, Niðurflötin, Piltalækur, Skagás, Skörðin, Sólarholt, Sólarholtskriki, Sólarholtsþúfa, Stekkjarholt, Stekkjartún, Stöðullinn, Tunga, Tungubakkar, Tungusporður, Útdalur, Vallendisflöt, Vindásinn, Vindásklettur, Ytriþverlækur, Þverlæksheiði.¹⁷

Þetta er langur listi og ótrúlegt að svona listar séu til fyrir nánast hvern sveitabæ í landinu. Á bak við hvert þessara örnefna er saga sem sjálfsgagt er farin að gleymast mörgum. Þuríður getur þess í viðtali sem Sigurður Jónsson dóttursonur hennar tók við hana að víða hafi þótt reimt á þessu svæði og villugjarnt að rata, jafnvel kunnugu fólki.²⁰

Örnefnið Hurðarbak(ur)

Á Vísindavefnum eru markverðar upplýsingar um nafn bæjarins Hurðarbaks, eftir Svavar Sigmundsson, fyrrverandi forstöðumann Örnefnastofnunar. Hann segir þar meðal annars frá því að bæjarnafnið Hurðarbak eða Hurðarbakur sé til á að minnsta kosti sex bæjum á Íslandi:

1. Sveitabænum sem hér um ræðir í Villingaholtshreppi (nú Flóahreppi) í Árnessýslu. (Hurðarbakur í landamerkjabréfi).
2. Bæ einum í Reykholtssdal í Borgarfjarðarsýslu.
3. Bæ nokkrum í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu.
4. Bæ í Strandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu.
5. Bæ í Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu.
6. Örnefni í Suður-Þingeyjarsýslu (DI VI:575).

Svavar segir að merkingin þarna sé *bær í hvarfi*, þ.e. væntanlega í hvarfi frá alfaraleið. Þá nefnir hann að fræðimaðurinn Finnur Jónsson hafi skrifað að nafnið Hurðarbak merkti *bak, að bærinn er ... fyrir aftan hurð* og segir hann allmerkilegt hvað nafnið sé títt. (563). Loks nefnir Svavar að á Hjaltlandi sé til nafnið *Hurdiback* sem greinilega er af sama meiði.²³

Á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum kemur einnig fram ýmis fróðleikur um örnefni út frá orðinu *hurð*, einnig skráður af Svavari Sigmundssyni. Þar tiltekur hann að orðið *hurð* sé notað sem örnefni á nokkrum stöðum á Íslandi. Þannig er *Hurð* hvílt í bergið neðst í Háubælum í Elliðaey í Vestmannaeyjum. Auk þess sé örnefnið *Hálfðanarhurð* þekkt í Ólafsfjarðarmúla í Eyjafirði. Hið sama eigi við um *Skessuhurð* sem er innan við Höfða í Fáskrúðsfirði í Suður-Múlasýslu. Þá komi orðið fyrir í örnefninu *Hurðarás* sem er nærri Hellisheiði í Árnessýslu þegar komið er upp á hann opnast víð sýn um Suðurland - það sé eins og opnist þar dyr. Sú samsetning sem sé algengust í örnefnum sé þó *Hurðarbak*. Það sé bæði náttúrunafn og bæjarnafn.

Um *Hurðarbak* sem náttúrunafn tiltekur Svavar þessi dæmi:

1. Í fornbréfi frá 1486 var talað um að Skriða í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu *ætti afriett að hurdarbaki* (DI VI:575).

2. Á Steinum undir Austur-Eyjafjöllum er snið í hamra með þessu nafni.
3. Á Núpi undir Vestur-Eyjafjöllum er sams konar snið.
4. Í landi Ytaskála undir Vestur-Eyjafjöllum er einnig svipað hamrasnið.
5. Kór í landi Varmahlíðar í Holtshverfi undir Vestur-Eyjafjöllum.
6. Fjaran fyrir neðan Rauðubjörg í landi Hafnar í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu.
7. Fleirtalan *Hurðarbök* eru ásar fyrir austan Geirlandshraun í Vestur-Skaftafellssýslu.
8. *Hurðarbak(ur)* er nafn á ás í landi lðu í Árnessýslu. Stytttri mynd nafnsins var fremur notuð (Örnefnaskrár).

Sem bæjarnafn tiltekur Svavar sum sömu dæmin og að framan en einnig dæmi frá Hörðudal í Dalasýslu (Bjarnar saga Hítðælakappa, Íslensk fornrit III:164). Þá getur hann þess að í Noregi sé til *Hurdalen* sem byggðarnafn í Akershus, skrifað *Hurdardalr* í heimild frá 1346, og talið vera af **Hurð* sem árheiti. (Norsk stad-namnleksikon). Þá sé *Hurðarhverfi* byggðarnafn í Þrændalögum í Noregi á 14. öld en ekki notað lengur. (Eli Johanne Ellingsve, munnleg heimild).

Bæjarnafnið *Harbak(ken)* í Stjórna í Þrændalögum (*Hwrdebak* í heimild frá um 1430) virðist innihalda *hurð* í merkingunni *bakhlið hurðar, rýmið milli hurðar og veggs*. Á Austurlandinu í Noregi er líka *Hulebak(ken)* á nokkrum stöðum, sem ætti að hafa sama upphaf (Norsk stadnamnleksikon), standa í skugga fjalls eða áss (sbr. Grímnir 2:28; 3:127).

Að sögn Svavars er erfitt að koma heim og saman merkingu orðhlutans *hurðar* í *Hurðardalur* í Noregi sem Ásgeir Blöndal Magnússon telur (Íslensk orðsifjabók) að geti verið skyld sögninni *hyrja* (þt. *hurða*) í fornu máli í merkingunni *berja, knýja á* og íslenskum *Hurðar*-örnefnum, sem virðast eiga við orðið *hurð* í merk. *fleki*.

Orðið *hurð* virðist hafa getað merkt *ás* eða eitthvað því um líkt í íslensku landslagi, eitthvað sem lokar, og örnefnið *Hurðarás* þá myndað með *ás* sem merkingarauka (epexegese) en orðið merkir auðvitað líka *dyratré*, sbr. að reisa sér *hurðarás* um öxl.²²

Þetta eru auðvitað mikil fræði og erfitt að staðhæfa neitt um hvað sé rétt í þessum efnum - eða hvort alþýðuskýringin um að átt sé við *urð* eigi hér betur við, - *Urðarbak*.



Á Hurðarbakshlaðinu. Frá vinstri eru sennilega: Munda, Þuríður, Hanna, Rúna með Öldu dóttur sína í fanginu, Bogga, Guðmundur, Jónsa og Hannesína Rut - tengd Ólafi bróður Þuríðar. Fyrir framan: Sonur Hannesínu Rutar sem var sumardrengur og loks Helga.

Hurðarbak í Sunnlenskum byggðum

Í ritinu *Sunnlenskum byggðum*²¹ segir svo frá bænum að Hurðarbaki:

Jörðin er nokkuð stór og skiptast á mýrar og holt. Ræktunarmöguleikar eru góðir og skiptast á mýrar, valllendi og rýr, grá mosaholt. Næstum allt land væri ræktanlegt ef því væri að skipta. Mýrarnar eru nokkuð blautar. Hér er skjólgott. [...] Fasteignamat 1922: Landverð 5.100 kr., húsaverð 3.800 kr. Fasteignamat 1977: Landverð 935.000 kr., húsaverð 5.112.000 kr. Tún 18 ha.

[...] Ábúendur: Árni Pálsson og Guðrún Sigurðardóttir (d. 1915) 1887 – 1924. Sigfús Árnason og Anna Tómasdóttir 1915 – 1921. Bergur Jónsson (d. 1921) og Ingigerður Hjartardóttir 1921 – 1922. Guðmundur Kr. Gíslason (d. 1954) og Þuríður Árnadóttir 1924 – 1955. Einar Ásgeirsson og Guðbjörg Guðjónsdóttir 1955 – 1960. Magni Ingólfsson og Steinunn Jónsdóttir 1960 – 1962. Jörðin var nýtt frá Dalsmynni 1962 – 1975. Frá 1975: Ólafur Einarsson frá Dalsmynni, f. 19.9. 1945, og Kristín Stefánsdóttir frá Vorsabæ, f. 18.9. 1948, eigendur jarðarinnar.

Við þetta er því að bæta að Fanney, dóttir Ólafs og Kristínar, hóf ásamt manni sínum, Reyni Þór Jónssyni, búskap á bænum með þeim árið 2003 og búa þau blönduðu búi.¹⁵ Þá er rétt að nefna hér að árið 1942 var nýbýlið Dalsmynni byggt úr einum fjórða hluta Hurðarbaks og hófu þar búskap Eyrún systir Guðrúnar Árnýjar og eiginmaður hennar Einar Einarsson.

Þar sem æskunni lauk

Á Hurðarbaki var á uppvaxtarárum Guðrúnar heilmikið umleikis, margt fólk í heimili, mikill gestagangur og ýmsir ættingjar dvöldu þar um lengri eða skemmri tíma. Einnig var þar til heimilis fólk sem sveitin þurfti að koma fyrir, þar var til dæmis, að sögn Rúnu og Siggú, oft og lengi indælis fólk, Siggí „vinur“ sem líka kallaði sig fleiri nöfnum og dvaldi síðar í Gunnarsholti og svo hún Jónsa gamla.



Siggí vinur.



Engjafólk á Hurðarbaki. Frá vinstri: Jónsa, Rúna, Gunna, Gísli og Guðmundur. Myndin er frá því um 1938.



Fjölskyldan við útiverk. Standandi efst eru Þuríður og Guðmundur. Þar fyrir framan eru Rúna, Gunna, Bogga og Jónsa. Fremst eru Hanna, Helga, Sigga, Gísli og Munda. Myndin er frá því um 1937.

Foreldrar Guðrúnar voru mjög virkir í félagsstarfi sveitarinnar svo að margir þurftu að hafa tal af þeim, hann í búnaðarfélögum og ræktunarsamtökum og hún á kafi í kvenfélagsstarfinu, auk þess sem hún tók að sér saumaskap fyrir fólk. Reyndar vann Guðmundur líka utan heimilis við og við, til dæmis sagði Gísli sonur hans frá því að hann hefði unnið við að slétta tún og órækt í sveitinni á kraftmiklum traktor sem hann hafði keypt til að skera reiðingstorf fyrir Hitaveitu Selfoss. Síðar meir voru þeir bræður, Gísli og Rúnar, einnig sendir á traktornum út um sveitir.

Börnin voru mörg og þau störfuðu mikið við búið, bæði á annatímum og raunar allt árið um kring. Handtökin voru mörg og búið var mjög blandað – hestar, kindur, kýr, hænsni, grænmetisrækt og skógrækt. Ekki þarf að efast um að Guðrún hefur mikið þurft að vinna í uppvextinum enda elsta dóttirin, raunar elsta barnið. Hún lærði því bæði til inniverka og útiverka og bjó að því alla tíð.

Gunna gekk í barnaskóla í hreppnum sem haldinn var til skiptist á tveimur bæjum. Hún var þar þær vikur sem skólinn var í Hróarsholti en skólinn var til skiptist þar og í hinum enda sveitarinnar. Kennarinn hét Jón Konráðsson og hann kenndi allar greinar, verklegar sem bóklegar, og var vinsæll meðal krakkanna. Þrettán ára gömul gekk hún til spurninga hjá sr. Sigurði Pálssyni sóknarpresti sem fermdi hana með góðum vitnisburði enda átti hún auðvelt með að læra og hefði vel getað gengið í skóla. Móðir hennar saumaði á hana hvítan fermingarkjól eins og tíðkaðist á þeim árum og hún fékk nýja skó og ný föt í tilefni fermingarinnar.



*Gunna mun vera 16
eða 17 ára á þessum
myndum*



Í sveitinni voru mörg börn á þessum tíma og greiður samgangur á milli bæja þegar hægt var að líta upp úr verkunum. Ekki var því að undra þótt stofnað væri ungmennafélag en það var einmitt árið 1936 þegar Gunna var 16 ára. Hún og mörg systkini hennar tóku þátt í stofnun Ungmennafélagsins Vöku sem fram fór í Þingdal en þar var lítið hús sem kallað var þinghús og fór félagsstarfið þar fram. Hún var einnig meðal þátttakenda á fyrsta aðalfundi félagsins sem haldinn var í Þingdal sumarið 1937, skv. mynd í Sunnlenskum byggðum.²¹ Þar var einnig Rúna systir hennar, þá 16 ára, og Bogga sem hefur verið 15 ára. Líklega voru Sigga, 14 ára, og Hanna, 13 ára, þarna líka. Þarna voru einnig nokkrir ungir drengir með derhúfur og líklega voru bræðurnir Gísli og Rúnar í þeim hópi en þeir voru þá 9 og 10 ára.

Starfsemi félagsins fólst fyrst í stað einkum í félagsmálastarfi og leikjum, aðallega hvers kyns útileikjum. Síðar komu svo íþróttirnar til en þar stóðu Hurðarbakssystkinin sig vel. Hvergi er neitt að finna um íþróttafrek Gunnu en vel gæti hún hafa verið bæði sterk, spretthörð og liðug, líkt og þau yngri systkini hennar sem lögðu mjög mikla stund á íþróttir – Gísli, Rúnar og Helga. Raunar er Hurðarbaksættin annáluð fyrir íþróttagarpa sína og nægir þar að nefna auk syskinanna yngri ættingja eins og Mumma, Sigga, Dúddu, Kára og fleiri Siggubörn; sundkappana Svan og Þröst Helgusyni; Jón Arnar Dúdduson; Óla Mummason; Kárasyni sem stunda ýmsar íþróttir, syni höfundar, hástökkvarana og körfuboltakappana Atla og Kristófer og hestaíþróttagarpurinn Ólaf; fótboltagarpana Heimi, son höfundar, syni Sigga Siggusonar, Aron Bjarka dótturson höfundar og Elvar Aron sonarson höfundar, skotíþróttagarpinn Guðmund Gíslason, o.fl. o.fl.

Hér er reyndar ástæða til að skjóta inn skemmtilegum upplýsingum um hina margfrægu Hurðarbaksætt sem hefur greinilega mikla hæfileika á fleiri sviðum en íþróttum. Þannig er að á síðustu árum og áratugum hefur orðið *Hurðarbakur* gjarnan verið notað um ákveðna tegund útúrsnúningabrandara



Ungmennafélagið Vaka í skemmtiferð 1939.



Þessi mynd er sennilega tekin á aðalfundi Umf. Vöku í Þingdal 1939.



Ungar stúlkur úr Flóanum, uppáklæddar. Frá vinstri (sennilega og skv. ágiskun Helgu systur Gunnu): 1) Sigríður í Flögu, 2) ein systranna í Hróarsholti, 3) Munda, 4) Bjarnheiður í Hróarsholti, 5) Ingibjörg Pálsdóttir, 6) Guðríður í Flögu. 7) Ekki er vitað hver sú er sem er lengst til hægri.

sem ýmsir innan ættarinnar hafa náð talsverðri færni í að henda á lofti. Á meðal almennings ganga þessir brandarar undir heitinu fimmaurabrandarar.

Æska og unglingsár Gunnu og systkina hennar einkenndust af mikilli vinnu á stóru heimili. Þegar Gunna og Rúna systir hennar voru 17 og 16 ára (1937 – 1938) fóru þær í vetrarvist fyrir sunnan. Rúna var hjá Jóni Helgasyni heildsala á Laugavegi 28 en mamma hjá skyldfólki í Hafnarfirði. Þetta var auðvitað mikil vinna við barnaumönnun og ýmis heimilisstörf. Launin voru fæði, húsnæði og einhverjir vasapeningar. Þessum aurum fengu þær systur að ráðstafa sjálfar og gátu þá keypt sér einhver föt og efni og ýmislegt smálegt.

Á frídögum hittust þær systurnar og gerðu sér sitthvað til skemmtunar saman, skruppu í bíó og fóru í langar gönguferðir, ýmist um miðbæinn í Reykjavík eða annars staðar. Einnig þvertekur Rúna ekki fyrir að þær hafi kíkt inn á eitt eða tvö böll um veturinn.




Laugarvatn árið 1939, þegar Guðrún og Sæmundur dvöldu þar.

Haldið á Laugarvatn

Þegar Gunna var 18 ára gömul (haustið 1938) fór hún að vinna á Laugarvatni við Héraðsskólann. Þarna unnu all margar sveitastúlkur í eldhúsinu og við ræstingar og þrif. Þær féllu vel inn í hópinn enda á svipuðum aldri og skólapiltarnir, þó kannski ívið yngri en þeir. Þarna voru líka stúlkur við nám þótt þær væru nokkuð færri. Guðrún, sem á þessum árum og áfram var alltaf kölluð Gunna, vann þarna allt skólaárið og starf hennar fólst mest í því að baka fyrir mötuneytið. Hún var vinsæl meðal skólafólksins og sum brauðin og kökurnar þóttu falla mjög vel að bragðlaukum þess. Stúlkurnar í mötuneytinu tóku fullan þátt í félagslífi skólans, einkum því óformlega og óskipulagða en voru einnig á danskeikjum skólans og helstu skemmtunum.

Á Laugarvatni kynntust þau Gunna og Sæmundur (Sæmi) tilvonandi eiginmaður hennar. Annars er Laugarvatn á margan hátt „staðurinn“ í lífi höfundar. Þar var hann í menntaskóla á sínum tíma og vann þar einnig eitt sumar (eins og faðir hans). Þegar hann hætti að kenna í Skógum árið 2001 flutti hann svo á Laugarvatn og hóf störf sem íslenskukennari í ML og kennari við íþróttافرæðibrautina á Laugarvatni. Árið 2004 kynntist hann svo



Gunna og Sæmi um það leyti sem þau giftust.

Ingibjörgu tilvonandi eiginkonu sinni á Laugarvatni. Skrítið hvernig sagan endurtekur sig ... Sæmi skrifaði um þennan vetur í endurminningabók sinni:

Hún vann í eldhúsinu sem brauðdama. Bakaði allt kaffibrauð fyrir skólann. ... Ég tók eftir henni þar sem hún stóð innan við borðið og mér fannst hún gefa mér auga. Hún virtist vera lífsglöð og í alla staði yndisleg stúlka. Ég hreifst mjög af henni og hugsaði meira um hana en námsbækurnar.

Svo kom skólaballið og þá stóð ekki á mér því ég hafði mjög gaman af að dansa. Ég slepti henni ekki allt kvöldið.

Þannig byrjaði tilhugalíf okkar og það stóð af sér alla storma í nákvæmlega tuttugu og fimm ár. Guðrún lést úr krabbameini 45 ára. Yndisleg kona, Guð blessi minningu hennar.

Mig langar að segja dálítið meira um tilhugalíf okkar og væntingar þennan vetur. Við vorum afar ástfangin enda bæði komin á þann aldur. Við vöktum oft fram á nætur og ræddum um framtíðina.²⁵

A drawing of a bouquet of red roses with green leaves and two buds, next to a vertical strip of colorful, wavy lines.



Samfundet E. Bergmann.
 Minnery. Saveri.
 Snofittensgälar
 Lynged stengjer, smeltet, bekke,
 synged tanga, kjønne snjallt!
 Blom a engi, brosu, glidru.
 blommig tanga tife allt.

 Hattu banti onot gortum degi
 tikk fir stan fi sol um vanga.

 Fanna, bekka fir sammeru
 i netur.
 Berdu ostur um gjeft
 ritte fram fi.
 Bless!

 Minnery.

Nafnabók frá Sæma

29

Andrés Guðnason Landeyjum [síðar forystumaður í bændasamtökunum]
Anna Stefánsdóttir Reykjavík
Auður Kristinsdóttir Hofsósi
Ásta Guðmundsdóttir Rifi
Ásta Halldórsdóttir Flóa
Bergsteinn Sigurðsson Landsveit [afi Ingibjargar eiginkonu höf.]
Björn Bjarnason Vigur
Bolli Þóroddsson Akureyri
Brandur Ögmundsson Stykkishólmi
Erla Stefánsdóttir frá Hvítadal búsett í Reykjavík [dóttir Stefáns skálds frá Hvítadal]
Guðjón Ingimundarson Ströndum
Guðmundur E. Þorsteinsson [síðar sennilega ökukennari og starfsmaður Umferðarráðs]
Guðrún Guðmundsdóttir Snæfellsnesi
Guðrún Jónsdóttir Reykjarfirði
Guðrún Tómasdóttir Biskupstungum
Gunnlaugur Jóhannsson Skagafirði
Halla Eiríksdóttir Grímsnesi
Hallbjörn E. Bergmann Hellissandi [bróðir Sæma]
Halldór Ágúst Gunnarsson Akranesi
Hanna Sigurðardóttir Djúpavogi
Haraldur Einarsson Flóa [frændi Gunnu, frá Urriðafossi]
Helga Jónsdóttir Sauðárkróki
Helgi Jóhannesson Dölum
Helgi Júlíusson Borgarfirði
Hjalti Þórðarson Skeiðum
Hlíf Þórðardóttir Reykjavík
Hólmfríður Þórðardóttir Ölfusi
Indíana Berentsdóttir Sandgerði
Ingibjörg Jónsdóttir Kjós
Ingigerður Ágústsdóttir Reykjavík
Ingólfur Jónsson Rangárvallasýslu [líklega Ingólfur á Hellu, síðar þingmaður og ráðherra]

Ingunn Kjartansdóttir Reykjavík
Johanne B. Müller Þýskalandi
Jóhannes S. Kolbeinsson Grímsnesi
Jónas Ingvarsson Landeyjum
Katrín Gísladóttir Hornafirði
Kristinn Júlíusson Borgarfirði
Kristín Eyvindsdóttir Laugardal
Kristján Hansson Sauðárkróki
Kristján E. Sigurðsson Hnappadalssýslu
Laufey Sigurðardóttir Fáskrúðsfirði
Lilja M. Túomikoski Flóa
Magnús Kristjánsson Vestur-Eyjafjöllum
Matthildur Guðbrandsdóttir Ströndum
Ólafur Jóhann Jónsson Stykkishólmi
Ólafur Kristbjörnsson Skeiðum
Óskar Jónsson Landsveit
Pálmi Eyjólfsson Reykjavík [síðar sýsluskrifari á Hvolsvelli, faðir
Ísólfs fyrrv. þingmanns]
Ragnheiður Guðjónsdóttir Stöðvarfirði
Rut V. Michelsen Sauðárkróki
Sigfinnur Pálsson Hornafirði
Sigríður Gústafsdóttir Hrunamannahreppi
Sigríður Þóroddsdóttir Borgarfirði
Sigrún Guðgeirsdóttir Reykjavík
Sigurborg Th. Sigurðardóttir Höfn
Soffía Jónsdóttir Reykjavík
Sólborg Einarsdóttir Skagafirði
Sæmundur E. Bergmann Hellissandi [faðir höfundar]
Valdimar Jónsson Hörgárdal
Vilhjálmur Hallgrímsson Suður-Þingeyjarsýslu
Vilhjálmur Jónsson Hafnarfirði
Þóra Guðmundsdóttir Bíldsfelli
Þórir Þorgeirsson Skeiðum [síðar íþróttakennari á Laugarvatni]

Frá Erlu Stefánsdóttur frá Hvítadal

... Haltu beint mót björtum degi
blítt þér skín þá sól um vanga.

Gunna, þakka þér samveruna í vetur. Bestu óskir um gæfuríka framtíð. Mundu og geymdu allar fagrar minningar en gleymdu hinum. Mundu. Gleymdu.

Þakkir. Bless.

Frá Bergsteini
Sigurðssyni

Hallgjörn E. Bergmann.
f. 21. okt. 1919. frö Pendi.
Snafellsnessvegur

það er vandt að velja rétt
 af þessu stóru fjölda.
 Ólafur fjandi af öllu þessu
 er á því bandi að lífa.
 $\infty \div \frac{1}{2} \div \frac{1}{3} \div \frac{1}{4} \div \frac{1}{5} \div \frac{1}{6} \div \frac{1}{7} \div \frac{1}{8}$
 þótt þessi samvinnu er eldhrisun.
 öðrum um fjarto fram til.
 Blomgista hefur verðfólksins á L. s.
 Bless!
 Kettil.

*Bela Pajani kalle ja Haidel
Regejarvik.*

Hjortens språk är en för
 alla lifsvägar öppen.
 Äfvi här är det en
 enda, ned från äga.
 En färd till det nya, ned från
 a. l. s. s. ned från
 1938-9
 Enla

Bergström Sigarsson Hjaltason
född 11 maj 1819 Landsvakt
Rangvalloget

Göttn läns a' lifens veg,
 Lätt þér verð; afþyngan
 Halldu þeimt með Göttnum degi,
 Blítt þér skini sól um vandann

Lara faktir fyrir viðbyggingu og samnefni.
Tunels eik um gæfuleik framtíð.
Morg blást

Seine

Bróðir Sæma, Hallbjörn, skrifar í bókina:

Það er vandi að velja sér
víf í standi þrifa,
óláns fjandi ef illa fer
er í því bandi að lifa

Þökk fyrir samveruna í eldhúsinu. Ósk um bjarta framtíð. Blómgist
hagur verkafólksins á Laugarvatnsskóla. Halli.

Ungur maður úr Landsveit, Bergsteinn Sigurðsson frá Hjallanesi, skrifaði líka
frekar stutt:

Njóttu láns á lífsins vegi,
létt þér verði ævigangan.
Haltu beint mót björtum degi,
blítt þér skíni sól um vangann.

Kærar þakkir fyrir viðkynninguna og samveruna. Innileg ósk um
gæfuríka framtíð.
Mundu númer 6 í borðstofunni.
Mundu hvað margir sníktu hjá þér tígla.
Mundu eldri deild og margt fleira.

Margblessuð. Steini.

Ýmsir minnst á samband hennar við Sæma sinn undir rós, einkum strákarnir.
Magnús á Seljalandi skrifar: „Svo óska ég þér „sæmi“-legrar framtíðar og
langra lífdaga.“ Guðmundur E. Þorsteinsson skrifar: „Ég óska þér sæmdar á
komandi lífsleið.“ Sigfinnur Pálsson skrifar: „Mundu alla rauðhærða menn
sem voru hér á LVS.“ Hólmarrinn Ólafur Jóhann Jónsson segir: „Mundu
að vera alltaf sæmdar kona.“ Enn fleiri minnst á uppáhaldsbaksturinn
sem greinilega var tíglar. Andrés Guðnason skrifar: „Mjög góða þökk fyrir
góða tígla og einkum og sérilagi fyrir þann þátt sem þú hefur átt í því að
eldhúsdagarnir voru þólandi.“

Sumir skrifa lengra en aðrir. Kannski voru það nánustu vinkonurnar. Þær skrifuðu sumar margar blaðsíður. Hanna Sigurðardóttir frá Djúpavogi skrifar langa kveðju. Þar segir:

Elsku Gunna mín! Nú þegar þú ert á förum héðan og ég sest niður til að skrifa í bókina þína þá er það svo margt sem ég vildi segja við þig en fæst af því kemst víst á pappírinn. Ég vona að við eigum eftir að hittast aftur og rifja upp margar kærar endurminningar því að þær eigum við báðar héðan. Mundu kæra Fýrinn [þ.e. sennilega kyndiklefi þar sem starfsstúlkurnar gátu sest niður - GS] okkar og mundu allt það skemmtilega sem gerðist þar. Mundu hvað við hlógum datt þegar maðurinn datt inn um gluggann.

Mundu alla litlu f-fuglana og hvað þeir voru stundum óttaslegnir, hræddir um að þeir lentu kannski í snöru háttsettra manna sem leggja það fyrir sig að veiða þessi saklausu börn.

Nágrannastúlkan Ásta Halldórsdóttir frá Læk í Flóa skrifar:

Mundu er þú komst fyrst norður í þvottaskúr til okkar Höllu og þann sem þá var í fylgd með þér og hvað við vorum kát í sinni. Mundu alla góða menn sem hafa heimsótt okkur í „Fýrinn“ og allt í sambandi við þær heimsóknir. Svo vona ég að þú munir litlu vargatítlu sem var í uppvaskinu og hvað hún getur verið grimm. Mundu líka er þú fórst fyrst í „gufu“ með okkur Hönnu og hvað þá var gaman.

Þriðja vinkonan var greinilega Halla Eiríksdóttir frá Neðra-Apavatni í Grímsnesi. Hún skrifar langa kveðju þar sem segir meðal annars:

Nú þegar skilnaðarstundin nálgast þá er svo margt sem rifjast upp í huga manns og seint mun sumt af því gleymast. ... Gunna mín, við eigum svo margar sameiginlegar minningar héðan en þó munt þú eiga ein minningar sem þú hugsar um þegar þú ert ein og hugur þinn flýgur hingað en þó vona ég að þú hugsir jafnframt um starfssystur þínar og hvað oft var glatt í Fýrnum þegar þær

voru þar allar saman komnar og fleira af góðum kunningjum. Mundu eftir fyrsta samfundinum okkar og hvað við létum þá illa. Mundu eftir ljóshærða manninum sem vann með okkur fyrstu dagana. Mundu svo eftir 1. des. og öllu sem þá gerðist. Mundu eftir indælum grænkálsstundum stundum. ...

Gunna mín, mundu svo eftir eldhúsinu og uppvaskinu, borðstofunni og hvað þar var oft gaman og mundu svo eftir bakaríinu og öllum sníkjudýrunum sem þar komu svo oft. ... Nú er komið svo mikið að ég fer nú að dotta. Svo þakka ég þér, elsku Gunna mín, fyrir yndislega viðkynningu og óska þess af alhug að framtíð þín verði geislum vaxin og góður Guð styðji þig gegnum alla örðugleika.

Að lokum skulum er hér hluti þess sem ein skólastúlkan skrifaði en það var Guðrún Tómasdóttir frá Auðsholti í Biskupstungum:

Þegar leiðir skiljast minnumst við svo fjölda margra skemmtilegra atvika sem komið hafa fyrir í vetur. Þú minnst sennilega margra ferða sem við fórum til þess að finna „tíglamömmu“ í bakaríinu. Mundu líka eftir hvað við komum oft niður í Fýr. Það var nú oft fjörugt þar. Mundu eftir vofunum sem við bjuggum til eitt kvöldið og hvað sumir urðu hræddir. Mundu líka eftir myndinni sem lá á borðinu hjá þér þegar við Gunna komum inn til þín og þú varst að kenna okkur um að við hefðum látið hana þar. Við þrættum samt bæði vel og dyggilega og ég get sagt þér það að ég lét hana þar ekki.

Jæja, Gunna mín, ég vona að þú eigir margar skemmtilegar og góðar minningar frá vetrinum. Svo vona ég að þegar þú rifjar upp gamlar endurminningar frá Laugarvatni að þú munir eftir mér því ég man ábyggilega eftir tíglamömmu.

Þarna sem víðar kemur fram viðurnefnið sem Gunna virðist hafa fengið í starfinu – „tíglamamma“. Ekki amalegt það! Allt í allt sýna þessi skrif ljóslega að hún hefur verið afar vinsæl meðal bæði nemenda og annars starfsfólks.

Hvernig kona var hún Gunna?

„Hún var svo skemmtileg, hún systir mín, þegar hún var ekki veik“. Þannig komst Bogga heitin systir Gunnu oftast en einu sinni að orði þegar rætt var við hana. Þetta sögðu fleiri.

Hvernig var Gunna svo? Hvað einkenndi hana? Vissulega man höfundur hana vel frá því hann var barn og unglingur. Hún var afskaplega glaðlynd þegar henni leið vel, söng hástöfum við vinnu sína í eldhúsinu heima og við saumaskap og handavinnu. Hún virtist kunna texta við öll sönglög þess tíma og dægurlög. Hún hafði frekar djúpa rödd en þó mjúka og fallega. Hún hafði gaman af að hlusta á tónlist í útvarpi og eftirlætispættirnir voru Óskalög sjúklinga, Óskalög sjómanna og Lög unga fólksins. Hún dáði alla helstu söngvara samtímans eins og Hauk Morthens, Erlu Þorsteins, Sigurð Ólafsson, Alfreð Clausen, Guðmund Jónsson, Skafta Ólafsson, Guðrúnu Á. Símonar og fleiri góða. Stundum eignaðist hún hefti sem þá voru gefin út með vinsælustu textum ársins. Þá texta lærði hún alla og strákarnir hennar auðvitað líka. Sæmi hafði ekki eins gaman af þeim enda ekki eins söngvinn og hún. Textarnir sem hún hafði mestar mætur á voru rómantískir textar eins og „Hann var svona eins og gengur ...“ og tregafullir textar eins og „Söngur villiandarinnar“. Hún táraðist við að hlusta á hann í útvarpinu.

Gunna virðist hafa haft röddina og sönginn frá föður sínum, Guðmundi Kristni, sem gjarna söng við vinnu sína. Mörg af systkinum hennar stunduðu söng í einhverri mynd, aðallega kórsöng. Rúnar og Gísli voru til dæmis um árabíl í Lögreglukórnum og systurnar á Selfossi sungu í kirkjukórnum. Gunna söng aldrei í kór, hennar sönglist var heimasöngur. Þegar strákarnir hennar voru litlir söng hún mikið fyrir þá alls kyns barnasöngva og söngljóð. Einhvern veginn virðist þessi söngur hafa skilað sér áfram. Að vísu eru bræðurnir synir hennar engir sérstakir söngmenn (nema hvað þeim elsta hættir til að raula eða blístra við uppvask, skúringar og snarlát, við litla hrifningu heima fyrir) og kunna ekki á nein hljóðfæri nema hvað Matti lék á trompet en börn þeirra og barnabörn hafa hins vegar laðast að söng og tónlist. Óli hefur yndi af tónlist og safnar gítörum, Frikki er hljómsveitargaur fram í fingurgóma, Gunna syngur mjög vel, Atli og Kristó leika á ýmis hljóðfæri og semja lög, Heimir söng í skólakór og Gunni og Elín eru góðir alhliða tónlistamenn.

Gunna var afskaplega vinamörg og vinsæl. Kannski var það vegna þess sterka hæfileika hennar að lifa sig inn í aðstæður annarra, sorgir þeirra og áhyggjur, og finna til með þeim. Hún var frábær hlustandi og sýndi öðru fólki bæði samúð og áhuga. Ófáum sinnum komu ungu stúlkurnar úr hverfinu til hennar með vandamál sín, áhyggjur sínar af ástámálum, árekstrum við foreldra og vandræðum með vinina. Hún hlustaði á þær af fullri virðingu og athygli, gaf þeim ráð ef þær vildu þau og huggaði ef þess þurfti. Kannski var hún sú eina sem tók þannig á móti þeim og þær gátu sýnt fullan trúnað. Hún fékk ekki síður heimsóknir frá fullorðu fólki, einkum konum. Stundum voru það konurnar í hverfinu, stundum konurnar í ætt Sæma, stundum systur hennar eða frænkur. Hún væri í raun nánast í fullu starfi sem sálusorgari.

Stjórnmálaskoðanir Gunnu voru í upphafi fremur hófsamar skoðanir samvinnufólks úr sveit. Lífsbaráttan á mölinni og samneytið við Sæma sem var mikill sósíalisti að hugsjón kenndi henni þó að stundum yrði að beita nokkurri hörku til að ná sínu fram. Þó var ekki hennar stíll að tala illa um neinn, ekki einu sinni svörnustu kapítalista þess tíma og hún taldi mun affarasælla að beita mýkt, fortölum og fyndni en stóryrðum og skömmum. Það átti bæði við um stjórnmál sem einkamál.

Þegar reynt er að lýsa Gunnu er kannski mest að marka unga manninn sem varð ástfanginn af henni austur á Laugarvatni, þar sem hann var við nám en hún við störf. Sæmi var þá í námi þarna síðari veturinn sinn. Hann segir í endurminningum sínum:

Hún var sennilega 1,65 m á hæð, ekki mjög grönn en samsvaraði sér mjög vel. Hrafnsvart sjálfliðað hár sem fór henni afar vel. Dökkar og langar augabryr sem hún hélt alltaf mjög fallegum og rauðar og fallegar varir sem hún málaði alltaf. Hún hafði fallett bros sem hún notaði óspart í vinahópi. Hún var með brún augu sem voru óþekkt í minni ætt.²⁵

Þetta skrifaði hann einum 35 árum eftir andlát hennar. Guðrún var jarðsuningin frá Laugarneskirkju 30. nóvember 1965. Um hana skrifaði þá Guðjón Halldórsson svili Sæmundar:



Þessi mynd er sennilega tekin á sjötugsafmæli Þuríðar. Frá vinstri: Rúnar, Þuríður, Þórunn, Hanna, Sigga, Kristgerður og Gunna.

Guðrún ólst upp í foreldrahúsum ásamt stórum systkinahópi. Samheldni þeirra hefur aldrei rofnað þó að víða hafi leiðir legið eins og gerist og gengur ... Á heimili þeirra hjóna [Guðrúnar og Sæmundar] ríkti ætíð vinsemd og velvilji og drengirnir hafa notið þess í ríkum mæli. Mamma þeirra var alltaf hinn góði félagi og umhyggja hennar sívakandi. Jafnvel eftir að sjúkdómur sá er varð henni að aldurtíla 23. þ.m. hafði gert hana lítt starfshæfa var hugur hennar óþreytandi að gleðja þá og hughreysta. Það er því mikið skarð fyrir skildi nú þegar ævi hennar er öll. Guðrún var bjartsýn kona og glaðsinna. Þeim eiginleikum hélt hún ætíð þótt sorgin og margs konar erfiðleikar yrðu á vegi hennar. Þeir eru margir sem eiga henni að þakka góðar stundir og minnast glaðværðar hennar og skilnings á hinum ólíkustu sjónarmiðum. Hún var kyrrlát í öllu dagfari og afskiptalaus um annarra hagi en gladdist svo innilega með þeim er nutu hamingjunnar og fann til með hinum sem urðu fyrir óhöppum í einhverri mynd. Fyrir bragðið voru þeir margir sem kusu nærveru hennar, jafnt ungir sem gamlir. Þeir fundu í félagsskap við hana hið barnslega hugarþel og hlýleika sem var svo



Guðrún með þremur af sonum sínum árið 1957. Frá vinstri: Guðmundur 11 ára, Siggí 6 ára og Hreiðar 9 ára.

gleðjandi og uppörvandi. Börn hændust að henni öðrum fremur og hún gerði þau að vinum sínum. Þeim var návist hennar sem sólskinsstund.⁸

Þetta er góð lýsing á Gunnu enda varð þeim vel til vana, henni og hjónunum Guðjóni og Beggu, systur Sæma.

Sæmi og fólkið hans

Hver var þessi ungi maður sem hún hreifst svo af á Laugarvatni? Engin lýsing frá henni er til á honum en sjálfur lýsti hann sér þannig ungum:

Hann var tuttugu ára, rauðhærður, dálítið freknóttur í andlitinu, breiðleitur og með breitt nef. Með fallegan sveip í hári og hélst það lengi. Einn metri og 70 cm á hæð, þrekvaxinn og sterkur. Var ljúfur og hlýðinn í umgengni, viljugur til allra verka. Glæðlyndur og barnalegur og trúgjarn en það eltist af honum með árunum. Þá

var hann afar forvitinn og las allt sem hönd á festi. Hann hugsaði mikið en ekki alltaf af rökvísi. Fram að 18 ára aldri var hann afar illa þroskaður, hélt að lífið væri leikur einn en raunin varð þó önnur. Vann fyrir sér frá níu ára aldri. Var vinnufús, bláeygur með ljósar augabrúnir. Var vel máli farinn, stamaði aldrei eða hikstaði á orðum, talaði alltaf hreint mál. Notaði ekki mikið af slanguryrðum eins og til dæmis „bara“. Var svolítið lausmáll fram undir 18 ára aldur en svo lagaðist það.²⁵

Við þessa lýsingu má auðvitað miklu bæta enda var það ekki háttur Sæma að hreykja sér um of. Hann var afar lítillátur, grandvar og heiðarlegur með sterka réttlætiskennd, enda róttækur í þjóðfélagsskoðunum alla sína ævi. Hann var blíður og brosmildur, traustur og mjög ábyrgur. Hann var fimm árum eldri en Gunna, fæddur 6. október 1915. Hann fæddist og ólst upp á Hellissandi á Snæfellsnesi við kröpp kjör, sonur hjónanna Elimundar Ögmundssonar sjómanns og Sigurlaugar Cýrusdóttur húsmóður. Börn þeirra voru alls 11, öll látin, makar þeirra einnig allir látnir nema Erla, kona Halla:

1. Anna Elísabet (1904 – 1956), gift Haraldi Erlendssyni. Börn þeirra voru tvö: Erlendur Grétar og Elín Sigurlaug.
2. Guðrún Ástríður (1906 – 1998) - Gunna, gift Guðmundi Kristinssyni. Börn þeirra voru 5: Sigurður Elimundur, Kristinn Ragnar Guðmundur, Kristín, Þorgímur og Margrét Pétursdóttir (stjúpdóttir).
3. Björn Gestur (1908 – 1916) sem dó 8 ára.
4. Kristjánsína (1909 – 1985) - Sína, gift Gísla Birni Kristjáni Guðbjörnsyni. Börn þeirra voru 5: Sölvi Guðbjörn (látinn), Guðmundur Sólbjörn (látinn), Sigurlaug (látin), Heimir Bergmann og Pétur.
5. Ögmundur Sigurður (1911 – 1985) - Mundi, kvæntur Karlottu Friðriksdóttur. Börn hans eru 4: Guðbjartur, Elímundur Snævar (látinn), Ólafur Snævar og Ingileif Guðrún.
6. Hallgrímur Pétur (1913 – 1916) sem dó 3 ára.
7. Sæmundur Bergmann (1915 – 2002) - Sæmi, kvæntur Guðrúnu Árnýju Guðmundsdóttur sem bók þessi fjallar um. Börn þeirra voru 7: Hreiðar (látinn), Lilla (látin), Guðmunda (látin), Guðmundur, Hreiðar Þór, Sigurður Rúnar og Matthías Viðar (látinn).

8. Hallbjörg (1917 – 2002) - Begga, gift Guðjóni Halldórssyni. Börn þeirra eru 3: Guðrún Margrét, Gylfi Már og Guðný Sigurlaug.
9. Hallbjörn Bergmann (1918 – 2010) - Halli, kvæntur Erlu Sigurðardóttur. Barn hans er eitt: Jóna Herdís.
10. Ólafur Bergmann (1921 – 2003) - Óli, kvæntur Viktoríu Marsibil Daníelsdóttur.
11. Krístrún Helga Svandís (1925 – 2004) - Dísa, gift Jóhannesi Jóhannessyni.¹⁹

Gunna og Sigurlaug móðir Sæma urðu mjög nánar tengdamæðgur enda líkar á margan hátt, trúaðar, blíðar og umhyggjusamar um annarra hag. Samskiptin gátu samt aldrei orðið mjög mikil vegna fjarlægðarinnar á milli Hellissands og Reykjavíkur. Sama gildi um systkinin sem þar bjuggu, Sínu (Kristjánsínu) og Dísu (Svandísi). Af systkinum Sæma umgengust Gunna og Sæmi einna mest Óla, Önnu á meðan hún lifði, Gunnu, Beggu (Hallbjörgu) og bræðurna Munda (Ögmund) og Halla (Hallbjörn).



Sæmi ásamt foreldrum og systkinum sem komust á legg. Efsta röð frá vinstri: Elimundur Ögmundsson, Anna, Gunna og Sigurlaug. Miðröð: Sína og Mundi. Neðsta röð: Sæmi, Begga, Halli, Óli og Dísa.



Efstasund 28. Skúrin við hliðina hýsti á þessum tíma Verslunina Sund og einnig var þar um tíma frímerkjasala.

Heimilið í Efstasundi 28

Gunna og Sæmi trúlofuðu sig eftir Laugarvatnsdvölina þar sem Sæmi var í tvo vetur (1937 – 1938 og 1938 – 1939) en Gunna í einn (1938 – 1939) og um áramótin 1939 – 1940 var hún orðin ólétt að Hreiðari. Sæmi kom að Hurðarbaki um vorið til að geta verið nærri þegar hann fæddist. Hann fæddist síðan 24. júlí. Þess má geta að þá föluðust þau Gunna og Sæmi eftir parti úr Hurðarbaksjörðinni og vildu gjarnan hefja þar búskap. Það gekk ekki eftir. Svipað gerðist þegar Þuríður brá búi 1955 að þá óskaði Kristján eiginmaður Mundu eftir því að fá að kaupa jörðina til að þau gætu flutt þangað en það gekk heldur ekki eftir.

Þremur vikum eftir fæðingu Hreiðars litla fóru þau til Reykjavíkur, giftu sig og héldu síðan vestur á Hellissand. Þar bjuggu þau í litlu húsi, Borgarholti, sem þau höfðu fest kaup á með lánum sem Böðvar bóndi á Laugarvatni og Guðmundur á Hurðarbaki, pabbi Gunnu, útveguðu þeim. Þarna bjuggu þau til vors 1941. Þá fór Gunna suður en Sæmi vann áfram á Hellissandi um sumarið en fór svo á eftir henni til Reykjavíkur. Til að byrja með bjó hann í herbergi en Gunna á Hurðarbaki en loks tókst þeim að leigja eitt herbergi með aðgangi að eldhúsi við Kleppsveg, ársleiga greidd fyrirfram. Þá höfðu þau fengið lóð í Efstasundi 28 og byrjuðu á að reisa þar skúr sem þau bjuggu í til að byrja með, eitt herbergi með kolaeldavél. Svo héldu þau áfram að byggja húsið, steypu grunn og reistu síðan lítið forskalað timburhús með skeljasandsklæðningu, 60 fermetra.

Efstasund 28 aftan frá. Myndin er tekin úr næsta húsagarði, við Langholtsveg. Skúrin er lengst til vinstri. Húsglugginn til vinstri er eldhúsglugginn en til hægri er stofuglugginn. Á bak við sést í Efstasund 27. Hægra megin glittir í Efstasund 29 og enn fjær hús við Skipasund.



Þarna bjuggu þau síðan með börnin sín nánast alla sína búskapartíð. Það eina sem var rúmgott var lóðin. Hún var stór og þar var gott pláss fyrir strákana þeirra til að ærslast og leika sér, smíða lítil kassafjalahús og æfa íþróttir. Á lóðinni var líka kartöflu- og rabbarbaragarður þar sem þeir jarðsettu fugla, ketti og önnur dýr sem drápust á lóðinni eða í nágrenninu. Húsið var á einni hæð og skiptist í stofu, eldhús, svefnherbergi, klósett og búr. Í svefnherberginu sváfu fyrst Gunna og Sæmi og synirnir Guðmundur og Hreiðar í koju en eftir að Siggi fæddist fengu þau sér svefnsófa og fluttu sig inn í stofu. Í herberginu voru eins og áður segir kojur á tveimur hæðum þar sem Hreiðar og Siggi sváfu á og rúm þar sem Guðmundur svaf. Einnig var þar forláta snyrtborð með spegli, skúffu og tveimur skápum sem Gunna átti og er nú varðveitt í fórum Guðmundar. Mikill dýrþripur vegna minninganna. Skáparnir voru læstir enda geymdi Gunna þar ýmislegt sem hún vildi hafa í friði fyrir drengjunum en það varð auðvitað bara til þess að þeir dýrkuðu upp skáphurðirnar og það oftár en einu sinni.

Í stofunni var stofuskápur sem geymdi skrautmuni, dúka og annað slíkt. Glerhurð var fyrir hluta af honum. Þá var fallett kringlótt stofuborð með útskornum fótum, stólar, stórt skrifborð, tvö-þrjú blómaborð og stórt útvarpstæki. Sjálfsagt gleymist eitthvað en á veggnum var stór mynd af Hreiðari litla sem dó. Hann var í lopapeysu með húfu. Á veggnum hékk líka hvít vangastytta sem drengjunum var alltaf sagt að væri til minningar um



Þessi mynd er tekin út um eldhúsgluggann í Efstasundi 28.

systurnar sem dóu. Einnig var alltaf mikið af blómum í stofunni því að Gunna var mikil blómakona.

Eldhúsið sneri inn á lóð og það var alltaf blóm við eldhúsgluggann en undir honum var lítið eldhúsborð þar sem oft var þröngt setið. Aldrei þó þannig að ylli leiðindum nema hvað strákarnir léku sér stundum að því að reka olnbogana hver í annan. Við eldhúsvegginn öðru megin var eldhúsinnréttingin með efri og neðri skápum og eldhúsvaski. Eldavélin stóð sér á milli hurðanna að eldhúsinu og búrinu. Búrið var inn af eldhúsinu og þar voru margar hillur sem geymdu stampa og kirnur með matvörum. Enginn ísskápur. Drengirnir lærðu fljótt hvar finna mætti brauð og sultu, kex og annað góðgæti.

Gangur var frá forstofunni framan við svefnherbergið og stofuna og að eldhúsdyrnum. Í gagnstæðum enda voru dyrnar að klósettinu. Það var pínu-lítið, örlítið sturtuhorn til að þrifa sig, vaskur og hreinlætistæki. Kannski var þar líka lítill baðskápur. Forstofan var einnig lítil með litlu fatahengi. Undir henni voru fyrstu árin dálítill kolagryfja en þangað var kolunum sturtað og þau sótt þangað í fötur. Síðar var svo steipt fyrir þetta op.

Op upp á lítið háaloft var rétt innan við forstofuna. Einstaka sinnum var farið þangað upp en fátt annað var þar að sjá en gyllingartæki og bókbandsverkfæri frá Sæma.

Óþarfi er að nefna að langflest húsgögnin þeirra smíðaði Sæmi, hillur, skápa, skrifborð, blómaborð, eldhúskolla, jafnvel stofustóla og stofuborð að einhverju leyti.



Þessi mynd var tekin við fermingu Hreiðars árið 1962. Myndin er tekin við austurhlið hússins að Efstasundi 28. Hægri glugginn er stofugluggi, sá vinstri er svefnherbergisglugginn. Þarna eru (frá vinstri): Guðmundur 15 ára, Gunna 42 ára, Hreiðar 13 ára, Siggí 10 ára og Sæmi 46 ára.

Við hlið hússins byggðu þau síðan bílskúr sem þó var aldrei hugsaður fyrir bíl heldur sem kyndiklefi og vinnuaðstaða fyrir Sæma. Hann hefur líklega verið um 30 fermetrar. Aftari hluti hans var með kyndingunni, þar var einnig þvottahús. Úr þeim hluta voru dyr út á lóðina bak við hús þar sem þvottasnúrurnar voru. Fremri hluti skúrsins var til að byrja með aðstaða fyrir Sæma til að binda inn bækur, auk þess sem hann var geymsla. Síðan var opnuð þar lítil verslun, Verslunin Sund, sem þau ráku í sameiningu. Sæmi sá um innkaup og bókhald meðfram fullri vinnu í Stálsmiðjunni en Gunna afgreiddi með hjálp strákanna, aðallega þó Guðmundar. Þessi verslunarrekstur stóð í nokkur misseri en færði þeim ekki nægar tekjur til að hann borgaði sig og var því hætt. Þá innréttaði Sæmi herbergi fyrir Guðmund í fremri hlutanum. Áður voru strákarnir þrír saman í herbergi. Nú þóttist elsti sonurinn vera orðinn unglingur. Þetta var ágætis herbergi sem honum leið vel í og gat verið með útvarpið á fullu og þar hljómaði hávaðasöm tónlist og skrækar unglingaraddir án þess að trufla neinn.




Þarna eru nokkrir af nágrönnunum sennilega í fermingarveislu Guðmundar 1960. Frá vinstri Einar í Efstasundi 35 með dóttur sína í fanginu, Díana í Efstasundi 32, Imma í Efstasundi 31, Hulda kona Einars í Efstasundi 35 og Ingibjörg Waage í Efstasundi 30.

Gunnu og Sæma dreymdi um að komast í betra húsnæði og rúmbetra. Hugsanlegt er að þau hafi talið að veikindi hennar gætu að einhverju leyti stafað af því að húsnæðið væri orðið heilsuspillandi. Hvað sem því leið gengu þau í Byggingarsamvinnufélagið Framtak sem þá var nýstofnað og var að byggja blokk í Fellsmúla undir stjórn Péturs, föður Sigurjóns Péturssonar borgarfulltrúa sem vann þá við bygginguna. Annar eigandi var Gísli B. Björnsson auglýsingateiknari. Til að fjármagna framkvæmdir sínar þar unnu Sæmi og eldri strákarnir tveir heilmikið við húsið en einnig ákváðu þau að selja húsið í Efstasundi 28 og leggja söluverðið í bygginguna. Í millitíðinni fengu þau inni hjá Óla bróður Sæma sem þá bjó einn í íbúð sinni í Stóragerði 7. Þau fengu hana hálfa til leigu og bjuggu þar í ein 2-3 ár eða þar til Gunna dó. Hún fékk því aldrei að upplifa að flytja í draumaíbúðina þeirra í Fellsmúla. Reyndar gerðu Sæmi og strákarnir það ekki heldur því að eftir að Gunna lést ákvað Sæmi að selja sinn hlut í Fellsmúlanum og kaupa blokkaríbúð á Kleppsvegi 120 enda var hann þá farinn að vinna sem starfsmaður og síðar sjúkraliði á Kleppsspítala.



Þessi mynd af fjölskyldunni er tekin árið 1950. Frá vinstri: Gunna (30 árs), Hreiðar (2 ára), Guðmundur (4 ára) og Sæmi (35 ára).

Í Efstasundinu eignaðist Gunna marga vini, bæði úr götunni og næsta nágrenni. Bestu vinir þeirra Gunnu og Sæma voru áreiðanlega Dís og Snorri sem bjuggu í Skipasundi 28. Þær Gunna og Dís hittust oft og drukku saman kaffi og spjölluðu og Sæmi og Snorri unnu nálægt hvor öðrum, Snorri á Slippstöðinni og Sæmi í Stálsmiðjunni, og hittust því oft. Einnig fóru þau stundum í gagnkvæmar heimsóknir hvor til annarra og fengu sér í staupinu eða fóru saman á ball. Það voru þá aðallega karlarnir sem voru stundum dálítið hífðir en aldrei til vansa. Fleiri konur úr nágrenninu voru vinkonur hennar. Hulda í Efstasundi 31, Ingibjörg Waage í Efstasundi 30 og Dagbjört í Efstasundi 32 voru þær helstu en svo mætti telja fleiri sem komu oft í kaffi. Ungu stelpurnar úr nágrenninu, Dína á 32 og Imma á 29, voru til dæmis oft hjá henni og litu á hana sem trúnaðarvinkonu sína þrátt fyrir aldursmuninn. Reyndar var það alltaf mjög sérstakt hvað hún átti auðvelt með að blanda geði við sér miklu yngri konur. Þannig var hún afar góð vinkona þeirra mágkvenna sinna, Þórunnar og Möggu, og umgekkst þær mikið. Magga skýrði til dæmis frá því að Gunna hefði kennt sér að steikja kótilettur. Það hafði hún



Myndin til vinstri af Gunnu (28 ára) og Guðmundi (2 ára) er sennilega tekin heima í Efstasundi 28 árið 1948, áður en Hreiðar Þór fæddist. Myndin til hægri er af Gunnu með Guðmund (t.v.) (3 ára) og Hreiðar Þór (á handleggnum) (1 árs), sennilega tekin á ferðalagi austur að Hurðarbaki árið 1949.

lært þegar hún vann hjá Tomma á Matbarnum í Lækjargötu. Fleiri vinkonur mætti nefna, þótt þær byggju fjær, til dæmis Rúnu Friðleifs og Karólínu mömmu hennar.

Því má segja að Efstasundið hafi verið það umhverfi sem rammaði inn mestan hluta af fullorðinsárum Gunnu. Þar ól hún upp börnin sín, þar skapaði hún sér heimili með Sæma og sonum sínum, þar eignaðist hún þá vini sem hún átti mest samneyti við. Þar átti hún heima þegar hún missti börnin sín.

Daglegt líf

Gunna og Sæmi voru afskaplega fátæk. Sæmi vann þau verkamannastörf sem til féllu. Um tíma vann hann í Bretavinnunni, hann vann einnig hjá borginni og nokkur misseri var hann hafnarverkamaður. Síðar fékk hann vinnu hjá Stálsmiðjunni þar sem hann vann við rafsuðu í mörg ár og líkaði ágætlega við það. Þar fékk hann öruggar tekjur og vann mikla yfirvinnu, alla sem hægt var að fá. Að jafnaði vann hann til klukkan sjö á kvöldin og auk þess alla laugardaga og var álitinn afar traustur og vinnusamur starfskraftur.



Gunna (27 ára) með Guðmund á fyrsta ári 1947.



Í lautarferð, sennilega árið 1963. Frá vinstri: Gunna (43 ára), (líklega) Jóna Herdís dóttir Halla, Hreiðar (15 ára), Halli og Sæmi (48 ára).



Gunna (38 ára) að koma úr versluninni Jason & Co. Myndin er frá árinu 1958.

Gunna starfaði alla tíð fyrst og fremst sem húsmóðir. Heimilið var lengi þungt með gaurana þrjá sem voru fyrirferðarmiklir. Heilsa hennar leyfði heldur ekki að hún gæti unnið mikið utan heimilis. Þó reyndi hún það við og við. Um tíma vann hún á Matbarnum í Lækjargötu með Dag-björtu nágrannakonunni sinni. Skemmtilegasta atvikið þaðan var þegar hún afgreiddi listamanninn Kjarval með mat og hann borgaði með því að teikna á servíettu mynd sem því miður er nú glötuð. Hún stundaði einnig ýmis íhlaupastörf, hjálpaði til dæmis við ýmsar veislur og fékk einhverja aura fyrir það. Þá greip hún einstaka sinnum í afgreiðslu- og umönnunarstörf. Svo sá hún um búðina hans Sæma, Verslunina Sund, á meðan hún var við lýði.

Heimilisstörfin

Gunna var afar leikin saumakona og saumaði nánast öll föt á synina og margt á sjálfa sig og Sæma og annað fyrir heimilið, svo sem gardínur, sængurföt og fleira. Þessa leikni hafði hún áreiðanlega úr uppeldinu. Móðir hennar var góð

hannyrðakona og dætur hennar voru hver annarri leiknari við þrjónaskap, sauma, hekl og útsaum. Þetta var vandaður saumaskapur sem sést best á því að strákarnir gátu notað sömu fötin hver á eftir öðrum. Að vísu er ekki vitað hvort þeir yngri bræðurnir voru alltaf hrifnir af því að fá fötin af þeim elsta en Guðmundur var sá heppni, hann fékk alltaf nýsaumuð föt.

Sæmi var einnig mikill hagleiksmaður og sá sjálfur um allar viðgerðir heimavið, auk þess sem hann smíðaði allar innréttingar í eldhúsi og á baði, smíðaði skápa og kojur í svefnherbergin og skrifborð og annað fínlegra í stofuna. Úti í skúr var hann lengi vel með smíðaaðstöðu sem hann nýtti vel, auk þess sem hann batt þar inn bækur. Eina iðngreinin sem hann lýsti sig vanhæfan til að sinna á heimavelli var rafvirkjun. Hann fékk oftár en tölu verður á komið straum í rafmagnsviðgerðum sínum og var farinn að hafa megnasta ímugust á þeim kröftum sem þar ráða. Þetta hefur smitast yfir á elsta soninn því að enn þann dag í dag er honum meinilla við allt sem snýr að rafmagni. Siggí hefur hinsvegar erft best hæfileika hans á öllum sviðum handverks, smíða, pípulagna, útskurðar og fleira í þeim dúr. Líka rafmagni. Handlagni Sæma og sérstakir hæfileikar til að teikna og mála hafa heldur ekki ratað til Guðmundar en þeim mun betur til bræðra hans. Hreiðar var til dæmis afburða teiknari á barnaskóla- og gagnfræðaskólaárum sínum og stefndi eitt sinn að miklum frama í þeirri grein og stundaði nám við Myndlistar- og handíðaskólann. Þess ber einnig að geta að Sæmi var liðtækur teiknari og málaði mikið af vatnslitamyndum á efri árum. Giska má á að listfengi þeirra Arngríms og Matthíasar Sigurðarsona sé að einhverju leyti komin frá afa þeirra. Sama gildir um langafastrákinn Gunna.

Heimilisstörfin snerust einnig um að vinna allan mat og brauðmeti frá grunni. Gunna tók slátur og þau keyptu kjöt óunnið ef það var í boði. Úr því var elduð kjötsúpa, steikt læri og hryggur og búin til rúllupylsa og kæfa. Venjulega voru borðaðar tvær heitar máltíðir á dag, sérstaklega ef Sæmi gat komist heim í hádegismat. Gunna eldaði góðan mat og gat breytt misjöfnum hráefni í herraþannsmat. Auk lambakjöts og hvalkjöts í bitum voru oft kjötbollur, lifur og innmatur, slátur, gúllas og kindahakk. Ýsa var einnig mjög oft á borðum, soðin, söltuð eða reykt. Á morgnara var borðað skyr, egg, hafragrautur og vellíngur, auk brauðs. Flestar matvörurnar keypti Gunna í búðinni á móti, í Efstasundi 27, Jason & Co sem síðar breyttist í Kjartansbúð þegar Jason kaupmaður lést og Kjartan félagi hans tók einn við. Sumt var

*Í heimsókn hjá
Rúnari og Þórunni.
Efri röð frá vinstri:
Gunna, Þuríður
og Þórunn. Fremri
röð frá vinstri:
Rúnarsbörnin Einar,
Guðmundur, Hrefna
og Hulda.*



einnig keypt í búðum uppi á Langholtsvegi – mjólkurbúðinni, fiskbúðinni hans Leifs og svo í KRON sem þar var einnig undir skeleggri stjórn Ingólfs verslunarstjóra Gunnlaugssonar. Nokkrar fleiri verslanir voru í hverfinu sem strákarnir voru stundum sendir í eftir einhverju sérstöku, til dæmis búðin á horni Hólsvegar og Langholtsvegar þar sem þeir bræður Birgir og Reidar Albertssynir afgreiddu með norskri móður sinni, frú Gúðmundsen (búðin hét sennilega Guðmundarbúð), Rangá á horni Holtavegar og Skipasunds og svo sjoppan á Sunnutorgi þar sem hægt var að kaupa sælgæti og gosdrykki. Teddi skósmiður var með verkstæðið sitt við Ásveg. Þar vorum þau tíðir gestir, einnig í efnalauginni og apótekinu á Langholtsveginum. Jói rakari var líka á Langholtsveginum, við hlið gamla Landsbankans en á móti var Hallur tannlæknir með stofuna sína. Strákarnir hræddust hana – nema Siggí sem eitt sinn lét þar draga úr sér tönn. Hann sagði Halli að mamma sín hefði sent sig sem var alrangt. Gunna gerði sér sérstaka ferð til Halls daginn eftir til að húðskamma hann.

Sætabrauð var sjaldan keypt. Gunna bakaði sjálf það sem þurfti af því og það þurfti helling ofan í alla þessa stráka. Formkökur, jólakökur og sand-

kökur voru algengar, einnig kleinur, pönnukökur og vöffur (sem Sæmi kallaði „vöplur“ eins og hann hafði alist upp við). Fyrir afmæli voru bakaðar glæsilegar súkkulaðitertur í mörgum lögum, rjómatertur og stundum brauðtertur. Fyrir jólin bættust svo við smákökur af ýmsu tagi. Gunna bakaði einar tíu tegundir af gómsætum smákökum og setti í stampa inni í búi. Það var svo þrautin þeirra bræðranna allan desember að finna þessa stampa og næla sér í smákökur svo lítið bæri á. Stundum tók pabbi þeirra jafnvel þátt í þessu með þeim því að honum þótti kökurnar hennar Gunnu sérlega bragðgóðar.

Í sambandi við rjómaterturnar verður að skjóta inn einni sögu þar sem elsti sonurinn kemur talsvert við sögu: Guðmundur var kornungur þegar þetta gerðist, kannski bara tveggja eða þriggja ára. Gunna var beðin um að aðstoða Ingu, konu Gunnars Klængssonar smíðakennara í Efstasundi 29 við að undirbúa og halda afmæli á heimilinu. Hún tók drenginn með og sennilega hefur Hreiðar Þór sofði í vagninum sínum úti. Gunna fór af fullum krafti í bakstur og annan undirbúning og Guðmundur var látinn hafa eitthvað dót til að leika sér með. Hann undi ekki lengi við það og fór af stað í könnunarleiðangur. Af einhverjum ástæðum rataði hann inn í búr þar sem tilbúnar kökur stóðu á borðum og biðu veislugesta. Þá fann hann skyndilega hve hann var óskaplega svangur orðinn og leist mætavel á eina af kökunum, tveggja hæða rjómatertu með mörgum kertum. Á næsta borði fann hann skeið og síðan hófst hann handa við að seðja hungur sitt. Hann hefur sennilega verið hungraðri en öll fátæku börnin í útlöndum sem drengirnir voru oft minntir á þegar þeir vildu ekki borða fiskinn sinn. Ekki er að orðlengja það að Guðmundi tókst að skófla í sig nánast allri tertunni. Afgangurinn lenti á borðinu, gólfinu og á fötunum hans. Skömmu síðar var komið að honum þarna inni liggjandi á gólfinu skælandi og ælandi og haldandi fast um magann. Hann var borinn grenjandi heim og þar mátti hann dúsa veikur og aumur á meðan afmælisveislan fór fram – án afmælistertunnar sem allir höfðu hlakkað svo til að fá. Eftir þetta atvik hefur Guðmundi aldrei þótt þeyttur rjómi góður og í ein 20 - 30 ár gat hann ekki smakkað rjómatertu.

Uppeldi óþekkra drengja

Sagan um rjómatertuna sýnir að það hefur ekki verið auðvelt að ala bræðurna upp. Skammarstrikin óteljandi og engan veginn ástæða til að telja

þau upp í bók sem þessari. Líklega hefur þeim Gunnu og Sæma þótt verst þegar þeir öngruðu nágranna þeirra og vini með hrekkjabrögðum sínum. Af einhverjum undarlegum ástæðum þótti drengjunum mjög spennandi að æsa hana Dísu vinkonu Gunnu í Skipasundi 28 upp með því að klifra upp á garðhýsið hennar og hoppa á því. Einu sinni læstu þeir dóttur hennar þar inni og fóru svo að gera annað og gleymdu að hleypa henni út. Páll nágranni þeirra í Efstasundi 26 þoldi strákpjakkana bókstaflega ekki – og skal engan undra. Þegar hann reyndi að grípa til sinna ráða, til dæmis með því að neita að skila þeim bolta sem lenti inni á lóðinni hans, hættu þeir ekki fyrr en lóðin hans var alpakin grjóthnullungum og brotnum flöskum sem splundrast höfðu á steinsteyptum gosbrunninum hans í miðjum garðinum.

Ein saga sýnir þó sérlega vel uppátækjasemi strákanna. Hún snýr þó ekki að öðrum, heldur þeirra eigin lóð og foreldrum. Til langs tíma voru á lóðinni ljómandi vel smíðaðir snúrustaurar sem Sæmi hafði sett saman úr sterkum bjálkum, einskonar U á hvolfi. Snúrurnar voru festar í þverbjálkann annars vegar en hins vegar í króka aftan á skúrnum. Í þverbjálkann hafði Sæmi einnig fest rólur sem strákarnir notuðu mikið. Eftir þriggja-fjögurra ára notkun fóru staurarnir að losna og jagast til svo að Gunna bað Sæma sinn að smíða nýja snúrustaura. Dag einn kom hann stoltur heim með fallegan staur úr tré sem var í lögun eins og stórt T. Í stað króka var hann með götum sem Sæmi hafði borað í þverbjálkann. Hann hafði notað matar- og kaffitímana sína í Stálsmiðjunni til að smíða þennan glæsilega staur. Morguninn eftir þegar strákarnir fóru að kanna gripinn komust þeir að því að engin leið var að festa rólur í hann og Gunna bannaði þeim að reyna það, þetta væru snúrustaurar og ekkert annað. Þegar leið á daginn óx gremja drengjanna og óánægja með þennan grip. Þeir fóru því í verkfærakistu föður síns og fundu þar stóra viðaröxi. Áður en móðir þeirra vissi hvað gerst hafði voru þeir búnir að höggva niður snúrustaurinn. Þá má rétt ímynda sér viðbrögð Sæma þegar hann kom þreyttur heim úr vinnunni um kvöldið og sá hvað gerst hafði. Nokkrum kvöldum síðar kom hann heim með snúrustaura sem ekki var hægt að höggva niður. Þeir voru úr stálörum, soðnir saman eftir öllum kúnstarinnar reglum. Þeir voru líka eins og T í laginu og ekki hægt að hengja í þá rólur enda stóðu þeir á meðan þau bjuggu í Efstasundinu.

Hvaða uppeldisaðferðum skyldu þau Gunna og Sæmi hafa beitt? Sjálfsagt hafa þau beitt svipuðum aðferðum og þá tíðkuðust en þó voru líkamlegar



Þessa mynd tók Ingibjörg Waage eða Eggert sonur hennar. Hún er tekin árið 1957 í garðinum þeirra í Efstasundi 30 sem þótti sérlega vel hirtur. Frá vinstri: Siggí (5 ára), Guðmundur (10 ára), Gunna (37 ára) og Hreiðar (9 ára). Strákarnir eru allir áberandi vel gyrtir.

refsingar mjög fátíðar. Hins vegar hótaði Gunna strákunum því oft að biðja pabba þeirra að rassskella þá. Sæmi guggnaði oftast á því og þá sjaldan að af því varð leið honum afskaplega illa á eftir og reyndi að bæta fyrir það á alla lund. Svipað var með annað sem hótað var að refsa þeim með, að hringt yrði á lögregluna, þeir lokaðir inni, fengju ekkert að borða – það var ekki staðið við það. Þeir lærðu því fljótt að taka lítið mark á því.

Önnur uppeldisaðferð sem beitt var með nokkru meiri árangri var að koma inn hjá drengjunum samviskubiti. Sæmi notaði þannig veikindi mömmu þeirra til að koma inn hjá þeim samviskubiti, þeir yrðu að vera þægir, annars yrði hún veikari. Svo bara varð hún veikari og þá fannst þeim að það hlyti að vera þeirra sök. Gunna notaði líka þessa aðferð, þeir mættu ekki skemma og tæta inni eða úti því að þá þyrfti pabbi þeirra að fara að laga það þegar hann kæmi dauðþreyttur heim á kvöldin. Þá yrði hann enn þreyttari og leiðari. Vissulega komu þau kvöld sem hann var sérstaklega þreyttur og leiður. Var það þá ekki líka þeim að kenna?

Þriðja uppeldisaðferðin ef svo mætti nefna var afskiptaleysið. Ef drengirnir voru ekki til vandræða voru þeir látnir nánast afskiptalausir alla daga í uppvextinum. Reyndar áttu þeir að koma inn að borða á réttum tíma og magamálið sá um að minna þá staðfastlega á það. Að öðru leyti gengu þeir sjálfala á lóðinni og í hverfinu öllu, jafnvel lengra – til dæmis niður í Vatnagarða, út á Kleppstún og inn í Keili þar sem glerverksmiðjan var, ásamt ýmsu öðru spennandi. Ef þeir voru heimavið á kaffitímum fóru þeir gjarnan á eldhúsgluggann og fengu mjólkurglas, hálf franskbrauð og rabbarbarasultukrúku og stýfðu þetta úr hnefa og svo gátu þeir séð um afganginn og skilað glösunum og sultukrúkunni. Oftast skiluðu þeir hvorki brauði né rabbarbarasultu. Inni sátu Gunna og vinkonur hennar og drukku kaffi, spáðu í bolla og spjölluðu um vandamál sín og skiptust á kjaftasögum. Auðvitað voru jákvæðar hliðar á þessu afskiptaleysi. Þeir voru frjálsir og lærðu fljótt að vera sjálfstæðir og bjarga sér sjálfir. Auðvitað voru þeir stundum leiðir yfir því hvað þeim fannst þeir fá litla athygli hjá mömmu og að allar stelpur og kerlingar hverfisins væru velkomnari inni í húsi á daginn en þeir.

Gunna var þó umhyggjusöm um strákana sína og fylgdist vel með því sem þeir voru að gera en leyfði þeim að hafa sem mest frelsi í leik sínum og bjástri. Hún fylgdist vel með skólalærdómnum hjá þeim og hvatti þá áfram á sinn jákvæða hátt og minnti þá óspart á að þeir yrðu að læra ef þeir vildu verða

eitthvað í framtíðinni. Undir það tók pabbi þeirra af djúpri sannfæringu. Helst vildu þau að þeir yrðu læknar eða að minnsta kosti eitthvað gagnlegt fyrir sem flest fólk. Þau reyndu svo sannarlega að ala drengina upp á réttan hátt og gerðu sitt besta. Hugsanleg mistök og skert geta til að skapa og viðhalda nánum tengslum við börnin sín verður að skoða í ljósi þeirra miklu tilfinningalegu hörmunga sem þau höfðu gengið í gegnum áður en drengirnir fæddust og áttu raunar eftir að ganga í gegnum áður en æsku þeirra lauk. Um það má fræðast nánar í næsta bókarhluta. Áður verður þó að fjalla örlítið um samband hjónanna Gunnu og Sæma.

Hjónin Gunna og Sæmi

Gunna var stundum kölluð Gunna Sæm og Sæmi stundum kallaður Sæmi hennar Gunnu. Kannski það sýni hvernig fólk leit á þau sem nánast eina heild enda voru þau afar samhent og ástfangin. Þau voru hvorki drykkfelld né skemmtanasjúk en fóru einstaka sinnum á skemmtanir, þá í Þórscafé, Röðul eða Alþýðuhúsið. Oftast fóru þau með kunningjahjónum sínum, Dísu og Snorra. Einnig minnst höfundur þess að þau hafi einstaka sinnum farið á árshátíðir, til dæmis í Stálsmiðjunni og Átthagafélagi Sandara. Fyrir utan þetta voru það svo bara afmæli í fjölskyldunni, aðallega í fjölskyldu Sæma, og ferðalög vestur á Snæfellsnes. Skemmtilegar voru fjölskylduferðirnar sem farnar voru vestur á Sand, oftast í rútu. Þar voru sungin við raust lög eins og „Kátir voru karlar“, „Úr fimmtíu senta glasinu“ og fleiri sönglög þess tíma.

Ekki voru þau oft með veislur heima þar sem vín var haft um hönd. Þó kom einhverju sinni fyrir að þau voru að skemmta sér með vinum sínum áður en farið skyldi á ball. Þau höfðu drukkið eitthvað og voru farin að dansa í stofunni þótt þar væri í rauninni ekkert pláss til svo stórtækra æfinga. Í einum dansinum – mazurka sennilega – átti að lyfta öðrum fætinum nokkuð hátt en þá vildi ekki betur til en svo að Sæmi sparkar óvart í kálfa Gunnu og þau detta bæði um koll. Fóturinn á Sæma lendir síðan á útvarpstæki heimilisins sem brotnaði. Strákarnir horfðu á þessar aðfarir og hlógu dátt.

Eftir þetta var Sæmi nær ófáanlegur til að drekka áfengi heima við og reyndar fór svo að hann hætti alveg að drekka áfengi og leit á sig sem bindindismann – nema á árshátíðum og síðar í utanlandsferðum. Hann sagðist ekki vilja hafa þetta fyrir sonum sínum.

Gunna með Hreiðar litla sem dó. Sennilega var hann þriggja ára þegar myndin var tekin. Þá hefur hún verið 23 ára gömul.



Annar hluti: Áföllin hræðilegu

Lífið brosti við hjónunum ungu þegar þau komu vestan af Hellissandi, full af bjartsýni. Gunna var þá tvítug, Sæmi 25 ára. Hreiðar litli hafði fæðst 24. júlí 1940 á Hurðarbaki, frumburðurinn og sólargeislinn í lífi þeirra. Þau fóru meðal annars öll saman á Alþingishátíðina á Þingvöllum árið 1944, skruppu austur að Hurðarbaki og áttu góðar stundir í faðmi fjölskyldu og vina. Hreiðar var bráðþroska og skýr og mikill augasteinn allra sem hann þekktu.

Lífið virtist stefna í eina átt, í átt til gleði og lífshamingju, að vísu við frekar lítil efni en hver sýtir það ef allt annað gengur vel? Fjölskyldan litla fór að stækka og allt virtist svo undur gott. Að því kom þó að „sól tér sortna“. Þeim var ekki ætlað að njóta of mikillar hamingju í lífi sínu. Önnur örlög voru þeim búin. Þessi bókarhluti fjallar um þann óskiljanlega óbærilega missi að missa þrjú fyrstu börnin sín og verða síðan að láta frá sér það yngsta vegna aðstæðna sem ekki varð við ráðið.

„Þótt blómin falli“

Lilla fæddist 7. október 1943, daginn eftir 28 ára afmælisdag Sæma. Þetta var yndisleg lítil stúlka sem þau elskuðu heitt og veittu alla sína ástúð. Gunna var aðeins 23 ára þegar hún fæddist. Í febrúar veiktist litla stúlkan skyndilega og þótt læknir væri kallaður til tókst ekki nógu fljótt að greina hvað að henni væri. Það reyndist vera banvæn lungnabólga. Hinn 21. febrúar 1944 lést hún síðan, aðeins fjögurra og hálfis mánaðar gömul. Hún var óskírð svo að hún var grafin í Hólavallakirkjugarði þann 29. febrúar með ættingja sem lést um svipað leyti.

Sigurlaug móðir Sæma orti tvö erfiljóð um Lillu litlu, annað í orðastað foreldranna, hitt í orðastað Hreiðars litla sem þá var þriggja og hálfis árs gamall og hélt mikið upp á litlu systur sína. Ljóðin fara hér á eftir:

Lilla Sæmundsdóttir – frá foreldrum

Þó blómið sé fallið og fölnað um stund
við finnum það bráðum á sælunnar grund.
Þar vex það og dafnar við vermandi yl
sem vetrarins helkuldar ná ekki til.

Við þökkuðum Guði, hann gaf okkur það.
Við geymdum það örugg og hlúðum því að.
Nú lofum við Drottin sem leiddi það heim
í ljóssins og sælunnar eilífðargeim.

Þó sárt okkur finnist og sviðandi nú
við sáum í bjartri og auðmjúkri trú
að gott er það allt sem að Guði er frá.
Hann gleður oss öll þegar sorgirnar þjá.

Við kveðjum þig, ástríka, elskaða mey,
og unnum þér sífellt en gleymum þér ei.
Nú felum oss öll í vors Frelsarans hönd
uns fáum þig litið á sælunnar strönd.

Í ljómandi sölum nú lifir þín sál,
ó, liljan vor unaðskæra,
og lærir þar Frelsarans fegursta mál
í frelsisins ljómanum skæra.¹⁹

Lilla Sæmundsdóttir – frá Hreiðari

Ó, systir mín kæra, þig síðast ég kveð.
Við sjáum það öll að þú varst okkur léð.
Ég hugði að þú fengir að hjúfra mér hjá
en horfin nú ertu, þig kallað var á.

Í ljómandi sölum nú lifir þín sál
og lærir þar englanna fegursta mál
því Frelsarans blessaða faðminum í
þú færð nú að lifa, við gleðjumst af því.¹⁹

Hreiðar var nú aftur orðinn einn með mömmu sinni og pabba og saknaði systur sinnar sárt. Gunna var harmi slegin og Sæmi reyndi hvað hann gat til að taka áfallinu af æðruleysi og sýna styrk. Ættingjarnir studdu þau andlega og nú kom sér vel að þau áttu bæði sterkar fjölskyldur að. Nokkrum mánuðum eftir andlát Lillu var Gunna orðin ólétt og rétt fyrir jól eða 19. desember 1944 fæddist lítil stúlka. Henni var fagnað innilega af litlu fjölskyldunni og hún var besta jólagjöfin sem Hreiðar litli fékk það árið. Hún var veikburða frá

upphafi svo að ákveðið var að skíra hana skemmri skírn og var hún látin heita Guðmunda eftir afa sínum og móðursystur. Þetta var yndisleg lítil stúlka og foreldrarnir vöktu yfir henni dag sem nótt. Þau vildu ekki missa annað barn. Allt kom þó fyrir ekki, hún lést úr heilahimnubólgu 11. febrúar 1945 og var jarðsett 18. febrúar. Andlát hennar var samt slys, því að lækurinn sem fenginn var til hennar var drukinn, ók út af á leiðinni til þeirra og kom ekki fyrir en mörgum klukkustundum síðar, illa til reika. Til að bæta gráu ofan á svart ákvað hann að hún væri bara með pest og ætti að ná henni úr sér af sjálfsdáðum. Nokkrum klukkustundum síðar var hún látin.

Þessi lækur var þrátt fyrir þessi mistök lækur fjölskyldunnar í fjöldamörg ár eftir þetta. Ekki er gott að vita hvers vegna. Kannski kennir sorgin fólki að fyrirgefa. Foreldrarnir brotnuðu saman og það gerði líka lækurinn þegar hann áttaði sig á mistökunum. Þau Gunna og Sæmi voru bæði trúuð og höfðu fengið trúarlegt uppeldi og það hjálpaði þeim að takast á við sorgina.

Hreiðar verður fyrir bíl og deyr

Hreiðar litli var nú orðinn eina barnið í þriðja sinn, aðeins rúmlega fjögurra og hálfis árs. Foreldrar hans elskuðu hann ofurheitt og þeim mun heitar sem dauðinn hafði hrifið til sín systur hans tvær. Hreiðar átti samt aldrei eftir að verða fimm ára, því að tuttugu dögum fyrir afmæli sitt, þann 4. júlí 1945, dundi þriðja reiðarslagið yfir. Hreiðar litli fór gangandi að heiman til að hitta vin sinn á Langholtsvegi. Hann gekk upp Hólsveginn meðfram girðingunum og passaði sig afar vel eins og hann var vanur þegar hann skrapp þennan spöl. Umferðin á þessum árum var sáralítill. Gunna fylgdist með honum út um glugga og sá og heyrði þegar slysið varð, fólksbíll ók yfir hann. Við stýrið sat óreyndur ökunemi en í bílnum var ekki aukahemlabúnaður fyrir ökukennarann. Ökuneminn steig á bensínið í stað hemlanna þegar hann tók eftir barninu framundan.

Sæmi var sóttur en hann var einmitt þennan dag að vinna í næsta nágrenni við skurðgröft. Hann fór með litla drenginn í fanginu á sjúkrahús en hann andaðist áður en þangað var komið. Hann var jarðaður viku síðar eða 11. júlí.

Í endurminningabók sinni segir Sæmi svo frá:

Hreiðar litli 4 ára. Þessi mynd er tekin á Þingvöllum á Alþingishátíðinni 1944. Hún er hluti stærri myndar þar sem sést að hann leiðir móður sína.

Ég var að vinna þennan dag í næstu götu við heimili mitt, Skipasundi. Hreiðar litli hafði komið gangandi til mín þangað um morguninn. En þarna voru vélar og bílar og ég þorði ekki að hafa drenginn þarna svo að ég leiddi hann heim til mömmu sinnar. Þetta var í síðasta sinn sem ég leiddi litla drenginn minn.

Nokkrum klukkustundum síðar var ég kominn heim og var að vinna þar. Þá hrópar Guðrún upp yfir sig að Hreiðar hefði orðið fyrir bíl ...

Ég hljóp í einu hendingskasti yfir lóðirnar og að slysstaðnum. Drengurinn var meðvitundarlítill, óbrotinn en auðsjáanlega mikið slasaður innvortis. Ökukennarinn vildi allt fyrir okkur gera. Ég fékk hann því til að keyra mig á spítalann með hann sem hann gerði. Guðrún blessunin treysti sér ekki með og beið heima. Þetta var henni alltof erfitt. Með þeirri tækni og kunnáttu sem er í dag hefði hugsanlega verið hægt að bjarga honum en þarna á spítalanum var ekkert gert nema beðið. En Hreiðar litli dó nokkrum mínútum eftir komuna á sjúkrahúsið. Við vorum búin að missa öll börnin okkar á tæpu einu og hálfu ári.

Ökuneminn sem þarna var á ferð varð einnig fyrir miklu áfalli. Ég frétti að hann hefði hætt náminu og aldrei snert bíl eftir það, eða að minnsta kosti ekki í mörg ár. Það gerði ég ekki heldur. Ég hafði tekið ökuþróf en eftir þetta slys settist ég aldrei undir stýri og hef aldrei átt bíl. Og Guðrún tók aldrei ökuþróf.²⁵



Þetta var hræðilegt áfall sem lagði þau gjörsamlega að velli. Þau voru bæði yfirkomin af sorg dögum og vikum saman og gátu ekki með nokkru móti skilið hvers vegna þetta væri á þau lagt. Hver gat tilgangur Guðs verið með því að kvelja þau svona? Var einhver Guð til? Þriðja barnið farið á 17 mánuðum! Þegar þetta gerðist var Gunna kornung kona, aðeins 25 ára gömul, og Sæmi um þrítugt.

Þau voru gjörsamlega buguð, örvingluð og svipt allri von og trú. Þau ásökuðu sig sjálf bæði fyrir þetta hræðilega slys: „Hefði ég ... Hefði ég ...“ Systur Gunnu og Þuríður móðir hennar komu suður til að hjálpa til og hið sama gerðu ættingjar Sæma. Sérstakan stuðning fékk hann alltaf frá yngsta bróður sínum, Óla, og frá systur sínum og móður. Sigurlaug, móðir Sæma, orti um Hreiðar litla fallett erfiljóð:

Hreiðar Sæmundsson – Kveðja

Lag: Til eru fræ

Nú foreldranna blæða sorgarsár
og svífa um hvarma þögul harmatár
er þau kveðja kæra drenginn sinn.
Kom til þeirra, blíði Jesú minn.

Ég bið þig heitt að blessa þeirra tár
svo berist líkn í þeirra hjartasár.
Veit þeim traust og trú á þeirra náð
er tregabrunnum veitir hjálparráð.

Að svæflinum þá svefninn leiðir mig
ég sé í anda, elsku drengur, þig.
Þú lifir sæll Guðs ljósi fögru í.
Þar leynast ekki nokkur þrautaský.

Við öll nú kveðjum unga vininn minn
og upp til hæða stefnir hugurinn.
Og vonin gefur vissu okkur þá
að vininn góða megum aftur sjá.

Við felum allt í Frelsara vors skaut
og feta viljum okkar settu braut.
Þig biðjum, Guð, að blessa okkur hér
og blómin smáu, geymd í dýrð hjá þér.¹⁹

Smám saman reyndu þau að koma lífinu í einhverjar skorður aftur. Áfram þurftu þau þó stuðning og hjálp – og fengu hana. Skömmu eftir andlát Hreiðars sendi Sigurlaug þeim eftirfarandi ljóð:

Blóm á bala

Blóm á bala grænum brosir sólu við
og vaggar sér í vonarblæ við vorsins milda frið.
Það vekur yl og yndi, því andar blessun frá
því oft má þunga létta lund að líta eitt smáblóm á.

En blessuð litlu blómin þau bíða tíðum hel,
þeirra endar yndislíf við einnar nætur él.
Og sömu sorgarlögum er sérhvert barnið háð,
þau deyja oft í dögum lífs, það Drottins eru ráð.

Hér felur moldin mjúka eitt mannbólum ungt og frítt
sem brosti milt við móðurbarm svo munarkært og blítt.
Nú grefur grátin móðir mörg gullin vonarblóm
því ekkert lifir eftir hér nema endurminning tóm.

Treystið, döpru foreldrar, að drengurinn sem dó
situr nú hjá Guði í sætri sæluró.
Hann ljómar nú í ljósi hvar lífið aldrei dvín
því Frelsarinn honum fagnaði og flutti heim til sín.

En blessað litla barnið sem beið svo snemma kíf,
það brosir nú svo blítt og rótt við betra og sælla líf.
Því huggist hjörtun særðu og harma þerrið tár
því Drottins gæskan guðdómleg, hún græðir öll vor sár.¹⁹

Á Þorláksmessu 1945 orti Sigurlaug enn eitt ljóð til þeirra í huggunarskyni:

Í sambandi við Hreiðar minn sáluga

Í öllu Drottins elskan skín.
Ei má sáran trega
þó bliknuð felli blöðin sín
blómið yndislega.

Verum alltaf glöð og góð,
um gengna sorg ei tölum.
Við eigum fögur unaðsblóm
innst í dýrðarsölum.

Verum glöð, mín börnin blíð,
um blessuð elsku jólin.
Okkur blasir öllum við
eilíf náðarsólin.¹⁹

Sigurlaug var svo sannarlega betri en engin á þessu erfiðasta skeiði sorgarinnar. Ekki aðeins ljóðin hennar, heldur trúarstyrkurinn og endalaus umhyggja og væntumþykja, var ein dýrmætasta sárabótin sem Gunna og Sæmi fengu. Hér eru tvær vísur í viðbót sem hún sendi harmþrungnum syni á sorgarárinu 1945:

Er það hjartans óskin þýð
um alla daga mína
að líknarsólin lýsi blíð
upp lífsins vegi þína.

Margan þreyta mæðuský
megnu lífs í stríði
en Frelsarans blíða faðmi í
fer burt allur kvíði.¹⁹

Hún fylgdist áfram sérstaklega vel með þessu brotna heimili því að skömmu eftir að næsta barn þeirra fæddist, fjórða barnið en jafnframt það elsta sem komst til fullorðinsára, orti hún til sonar síns:

Ég sé í anda húsið þitt,
ó, hjartans Sæmi minn.
Mig langar þangað líta inn,
sjá litla drenginn þinn.¹⁹

Slysið varð að dómsmáli sem gekk sinn gang í réttarkerfinu. Dómur aukaréttar Reykjavíkur féll 5. nóvember 1945. Ljóst er að þarna var um að ræða röð hörmulegra mistaka. Það er lærdómsríkt að skoða þessa fortíð og gaumgæfa aðstæður og komast að því hvað gerðist í raun. Dómurinn var ítarlegur og greindi nákvæmlega frá málavöxtum. Í honum stóð meðal annars (nöfn skammstöfuð hér):

Árið 1945, mánudaginn 5. nóvember var í aukarétti Reykjavíkur sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu 2378 — 2379/1945. Réttvísinn og valdstjórnin gegn EH og JH sem tekið var til dóms 8. október þ. á. [...]

Miðvikudaginn 4. júlí s.l. varð bifreiðarslys um kl. 18.10 á Langholtsvegi á móts við húsin nr. 29 — 31. Drengurinn Hreiðar Sæmundsson, Efstasundi 28, fæddur 24. júlí 1940, varð þar fyrir bifreiðinni R 2927 og beið bana af. [...]

Þegar slysið varð var ákærði EH að kenna ákærða JH bifreiðarakstur á bifreiðinni R 2927 og voru þeir báðir í eðlilegu ástandi og vel fyrir kallaðir að eigin sögn. Þá undanfarin kvöld hafði ákærði EH kennt ákærða JH akstur á þessari bifreið og hafði sú kennsla farið fram í 8 — 10 klukkustundir alls. Ákærði JH ber að ákærði EH hafi í upphafi kennslunnar brýnt fyrir sér varkárni gagnvart öllum vegfarendum og sérstaklega varað sig við börnum og hestum. Ákærði EH kveðst í hverri kennslustund hafa brýnt fyrir ákærða JH að fara gætilega þar sem börn væru nálægt.

Mjög skömmu fyrir slysið lögðu ákærðu af stað í bifreiðinni frá heimili ákærða EH suður Langholtsveginn og sat ákærði JH undir stýri hennar sem nemandi í bifreiðarakstri en ákærði EH sat hægra megin við hann í framsætinu sem ökukennari og stjórnandi bifreiðarinnar, sbr. 21. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna nr. 23, 16. júní 1941. Í fyrri kennslustundum hafði ákærði EH haft á bifreiðinni hin lögboðnu merki um að hún væri kennslubifreið en í þetta sinn setti hann þau ekki upp. Var ætlun hans að setja þau upp við heimili ákærða JH sem er ekki langt frá slysstaðnum en þar ætluðu þeir að nema staðar. [...]

Vestan við Langholtsveginn á móts við húsið nr. 29 var sandhrúga og á þessum tíma voru þar þrjú börn, fjögurra og fimm ára gömul, að leika sér, þeirra á meðal drengurinn Hreiðar Sæmundsson, fjögurra ára. [...]

Þegar bifreiðin nálgast hrúguna taldi ákærði enga hættu í því fólgni að aka fram hjá börnunum og ók því áfram á óbreyttum hraða.

Ákærði EH getur ekki um það sagt með vissu í hvaða fjarlægð bifreiðin var frá börnunum þegar hann tók fyrst eftir þeim en segir hana þó ekki hafa verið skemmri en 10 — 15 metra. Hann taldi að ákærði JH hefði orðið barnanna var um svipað leyti og vakti ekki athygli hans á þeim. Bifreiðin ók á vinstri vegarhelmingi en vegurinn sem þarna er malborinn er sem næst 6 metra breiður og á að giska metersbil var frá hægri vegarbrún að sandhrúgunni sem börnin voru uppi á. Þegar bifreiðin var að komast á móts við sandhrúguna hljóp Hreiðar sálugi úr henni inn á veginn en lítil telpa, sem einnig var á sandhrúgunni og sjónarvottinum SG virtist einnig ætla að hlaupa inn á veginn, nam staðar við vegbrúnina. SG kallaði til drengsins en hann sinnti því ekki. Ákærði JH ber að drengurinn hafi hlaupið inn á veginn og fyrir framenda bifreiðarinnar svo nálægt henni að ákærði sá hann ekki úr sæti sínu þegar hann var kominn fram fyrir bifreiðina. Hann kveður ákærða EH hafa þá strax þrifið í handhemlana en sig hafa beygt stefnu bifreiðarinnar til vinstri og hafi bifreiðin runnið skáhallt út af veginum og numið þar staðar en um leið og ákærði EH tók í handhemlana telur hann

sig hafa ætlað að stíga á fóthemplana en hafa í fátinu sem á sig var komið ekki stigið á þá heldur á bensíngjöfina. [...]

Nú stóð þannig á því tilfelli er hér liggur fyrir að nemandinn, ákærði JH, hafði einungis lært akstur í 8 — 10 klukkustundir. Þar sem hann þannig var byrjandi við námið bar ökukennaranum, ákærða EH, rík skylda til að hafa vakandi athygli á akstri hans og gæta þess til hins ýtrasta að engum stafaði hætta af akstrinum. Bar honum enn ríkari skylda til aðgæslu sökum gerðar bifreiðarinnar sem olli því að hann náði eigi til fóthemplanna úr sæti sínu. Þó að hann hefði áður brýnt fyrir ákærða JH að fara varlega þar sem börn væru nálægt bar honum að aðvara hann sérstaklega í þessu tilfelli og honum bar að gæta þess að unnt væri að stöðva bifreiðina þegar í stað ef börnin færu út á veginn. Af börnum á þessum aldri má ætíð búast við skyndilegum og gálauslegum hreyfingum enda reyndist svo þarna. Fyrir drengsins úr sandhrúgunni og inn á miðjan veginn hefur að vísu tekið mjög skamman tíma en þó svo langan að ætla má að hefði ákærði EH beitt sérstakri athygli er drengurinn lagði af stað í þá för hefði hann getað gert ráðstafanir til að stöðva bifreiðina í tæka tíð eða beygja fram hjá drengnum.¹¹

Í hæstaréttardómi um slysið frá 3. apríl 1946 er dómur aukaréttar staðfestur en auk þess segir svo um aðstæður á slysstað:

Ákærði EH kveður að fjarlægðin frá bifreiðinni til barnanna hafi verið ekki undir 10 — 15 metrar þegar hann tók eftir börnunum í sandhrúgunni. Börn þessi voru 4 — 5 ára og var því rík ástæða til varúðar þar sem búast má við að svo ung börn hlaupi skyndilega inn á akbrautina þegar þau eru að leik rétt utan við hana. Ákærði EH brýndi samt ekki að því sinni fyrir ákærða JH að viðhafa sérstaka árvekni vegna barnanna og hófst ekki handa um að afstýra slysi fyrr en í óefni var komið. [...]

Ákærði JH sá börnin í sandhrúgunni er bifreiðin átti ófarna allt að 30 metra að þeim. Hann mátti svo sem áður var sagt um ákærða EH gera ráð fyrir því að þau hlypu fyrirvaralaust inn á veginn er bifreiðina bæri að þeim. Þótt hann hefði enn ekki lært

akstur nema að litlu leyti mátti samt gera þá kröfu til hans að hann hægði ferð, gæfi hljóðmerki og gætti fyllstu varúðar er hann nálgast börnin. Þetta gerði hann ekki, heldur ók með óbreyttum hraða allt þar til slysið varð.¹¹

Dómsorð hæstaréttar voru loks svohljóðandi :

Ákærði EH [ökukennarinn] greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis á hendur ákærða EH staðfestist.

Ákærði JH [ökuneminn] greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði EH greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmans Theódórs B. Línals, 700 krónur. Ákærði JH greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði, héraðsdómslögmanns Jóns N. Sigurðssonar, 300 krónur og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmans Kristjáns Guðlaugssonar, 400 krónur. Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmans Egils Sigurgeirssonar, 500 krónur.¹¹

Margir góðir ættingjar og vinir lögðust á eitt að styrkja þau Gunnu og Sæma í sinni djúpu sorg. Sigga systir Gunnu bjó um þetta leyti í Reykjavík og var henni mikill stuðningur. Í rauninni er þó óskiljanlegt að þau skyldu ekki brotna endanlega saman og gefast upp eftir þessi hræðilegu áföll. Þar skiptir sennilega mestu úr hverju þau voru gerð. Sæmi lýsir þessu í bréfi sem hann skrifaði Bjarna Benediktssyni borgarstjóra þegar hann sótti um vinnu hjá borginni í ársbyrjun 1946:

Á meðan húsið var enn hálfsmíðað og illa upphitað veiktist stúlkubarn sem ég átti, hún fékk heiftuga lungnabólgu og andaðist.

Nokkrum mánuðum síðar veiktist annað stúlkubarn sem við áttum, það dó einnig og nú í sumar misstum við síðasta barnið, fimm ára dreng, hraustan og efnilegan. Það var ekið yfir hann. Það var mikil raun, þung lamandi sorg. Ég hélt um tíma að starfsvilji minn myndi ekki þola öll þessi áföll, ég fór að halda að hugur minn myndi fyllast af hatri. Það kom í huga minn að ég hefði ástæðu til að hata bæjarfélag það er ég bjó í og alla þá þjóðfélagsháttu er buðu mér svo harða kosti í hvívetna. – En ég á foreldra sem ólu börn sín í anda Krists og að heiman er veganestið mitt, það veganesti sem enn hefur fleytt mér yfir grynningarnar.²⁴

Önnur lýsing Sæma er í bókinni hans. Þar segir hann:

Þessi andlát barnanna okkar voru auðvitað óskaplega mikið áfall og það versta sem við höfðum og áttum eftir að upplifa. Guðrún var ótrúlega sterk í þessum raunum og ég skil ekki enn hvernig hún komst í gegnum þetta. Þó held ég að tvennt hafi hjálpað henni mest.

Í fyrsta lagi átti hún djúpa og trausta trú á Guð. Í öðru lagi fékk hún ómetanlegan stuðning frá systur sínum og móður. Fjölskylda mín tók einnig þátt í okkar miklu sorg og m.a. orti mamma erfiljóð um börnin öll.

En huggunarorð og góðir aðstendendur linuðu mína sorg lítið. Kannski var ég ekki nógu trúaður. Ég brotnaði gjörsamlega saman og sinnti ekki vinnu í tvo mánuði, sat bara heima og reyndi að vinna eitthvað þar. Ég var óhuggandi. ...

Ég held að hvorugt okkar hafi nokkurn tíma jafnað sig fyllilega á þessu. Og áreiðanlega átti þetta sinn þátt í erfiðum veikindum Guðrúnar seinna.²⁵

Afleiðingarnar urðu geinilega margvíslegar og þungbærar en sumar einnig þess eðlis sem gerðu þau sterkari og betri manneskjur en þau voru fyrir. Sérstaklega virðist Gunna hafa eflst í mótlæti sínu. Verður síðar vikið að því en næst verður fjallað um það sem ef til vill jafnast á við barnsmissi en það var níu árum síðar þegar þau þurftu að sjá á bak fjórða barninu sínu.

Matthías Viðar fer í fóstur

Matti fæddist 23. júní 1954, fjórði sonurinn eftir andlát barnanna Þriggja, – á eftir Guðmundi, Hreiðari og Sigga. Þá var Gunna 34 ára gömul en Sæmi 39 ára. Hann var skírður í höfuðið á góðum vini Gunnu og Sæma, Matthíasí málara, en Viðars-nafnið völdu þau af því þeim þótti það fallegt. Þegar hér var komið sögu var Guðmundur á áttunda ári, Hreiðar að verða sex ára og Siggi á þriðja ári þannig að heimilið var þungt og erfitt. Sæmi vann mikið til að framfleyta fjölskyldunni og til að greiða niður skuldir sem til hafði verið stofnað vegna byggingar hússins í Efstasundi 28. Gunna var mikið veik, bæði andlega og líkamlega, eftir að Matthías fæddist svo að þær þuríður móðir hennar og systur á Selfossi komu til skjalanna og Hanna systir Gunnu bauðst á endanum til að taka Matthías og sjá um hann í nokkra daga eða vikur þar til Gunna næði sér. Þetta var gert í fullu samráði við Sæma og hann var afar þakklátur fyrir þessa aðstoð.

Nú leið og beið, Gunnu skánaði smám saman andlega en var áfram afskaplega illa haldin líkamlega. Krabbinn var farinn að láta á sér kræla. Hún taldi sig þó geta tekið við Matthíasí litla aftur og Sæmi fór að huga að því að fá heimilishjálp til að létta róðurinn. Hanna kom því með Matthías heim til þeirra og allt virtist ganga vel. En Hanna fylltist mikilli sorg að þurfa að sjá á eftir Matthíasí sem hún hafði tengst nánnum böndum þessar vikur sem hann hafði verið hjá henni. Sorgin varð gífurleg og blandaðist annarri sorg, nefnilega þeirri að þau Siggi gætu ekki átt barn saman eins og þau þráðu. Hún féll niður í mikið þunglyndi og þær systur reyndu að gera allt sem hægt væri fyrir hana og ekki síður þuríður sem missti mann sinn um þetta leyti en hann lést í október 1954. Allt var reynt en kom fyrir ekki. Hanna var gjörsamlega óhuggandi.

Við bættist að Gunna var í rauninni ennþá mikið veik og ófær um að sjá um fjóra stráka. Það var því ákveðið að Matthías færi alfarið til Hönnu og Sigga. Sæma varð þessi niðurstaða þvílíkt reiðarslag að hann lamaðist nánast. Þarna upplifðu þau í raun að missa fjórða barnið sitt. Sagt var að hann yrði fyrir austan um óákveðinn tíma á meðan mamma hans væri veik en allir vissu að þetta væri endanlegt, líka Gunna og Sæmi. Strákarnir fundu það, að minnsta kosti þeir eldri, og litla bróður var saknað. Matthías ólst svo upp á Selfossi hjá Hönnu og Sigga, manninum hennar.

Matthías Viðar (tvítugur) með Þuríði Ingvarsdóttur, frænku sína (3 ára), í fanginu. Myndin er úr afmæli Þuríðar ömmu þeirra, árið 1974.



Gunna var auðvitað aldrei sátt við þessa ákvörðun þótt hún hafi kannski verið óumflýjanleg og þráði auðvitað að fá aftur litla barnið sitt. Öll sorgin vegna dáu barnanna vall upp á ný og hún varð þunglyndari en nokkru sinni fyrr og mótstöðuafli líkamans minnkaði enda versnaði heilsan næstu misserin og árin. Hvorugt þeirra treysti sér til að hafa mikið samband austur á Selfoss, að minnsta kosti fyrst í stað. Þess vegna fór fjölskyldan aðeins örsjaldan austur og systurnar komu ekki oft suður. Tvisvar á ári renndi bíll frá Selfossi upp að húsinu, í annað skiptið var það Þórmundur sem kom með eitthvað fyrir jólin, ost, rjóma og fleira, í hitt skiptið var það Siggi sem kom með eitthvað fyrir haustið, slátur og kjöt. Að öðru leyti var sambandið ósköp lítið nema hvað strákarnir fóru stundum austur og dvöldu þar yfirleitt einn í einu um tíma þegar Gunna var sem veikust, ýmist á Hurðarbaki eða hjá Hönnu, Sigu eða Boggu.

Í þessu andrúmslofti ólust bræðurnir þrír upp, Guðmundur, Hreiðar og Siggi. Fjölskyldan var sjúk af sorg og fékk enga hjálp til að komast í gegnum hana. Strákarnir vissu svo sem ekkert hvað þarna bjó að baki og fyrir þeim varð þetta eðlilegt ástand. Ekki síst hafði þetta áhrif á Matthías sem aldrei vissi heldur neitt af hvaða sökum ástandið var svona og fékk aldrei að vita. Honum var sagt að hann ætti mömmu og pabba í Reykjavík sem hann hitti raunar einstaka sinnum en skildi ekkert í hvers vegna það væri svo sjaldan. Honum hefur áreiðanlega sviðið mjög að fá ekki að kynnast betur bræðrum sínum og foreldrum.


Sæmi gat aldrei rætt þetta við Matta þegar hann var orðinn fullorðinn og sennilegast er að hann hafi ekkert af þessu vitað fyrr en bræður hans sögðu



Í fermingarveislu Guðmundar árið 1960. Hann er lengst til vinstri en auk hans eru í aftari röð vinir hans og jafnaldrar (13 ára), Árni Mogens Björnsson og Ingimundur Tryggvi Magnússon. Í fremri röðinni eru bræðurnir Matthías Viðar (5 ára), Sigurður Rúnar (8 ára) og Hreiðar Þór (11 ára).

honum undan og ofan af þessu síðustu vikurnar hans. Honum þótti dýrmætt að fá að vita þetta þá þótt seint væri.

Matti giftist Steinunni Ólafsdóttur, leikara, og átti með henni eina dóttur, Jóhönnu Steinu, auk þess sem hann gekk eldri dóttur hennar, Nönnu Elísu Jakobsdóttur, í föðurstað. Matthías lærði íslensku og bókmenntafræði og stundaði kennslustörf lengst af, einkum sem lektor og dósent við Háskóla Íslands þar sem hann naut mikils álits. Hann lést úr krabbameini langt fyrir aldur fram þann 3. febrúar 2004, aðeins 49 ára gamall, og var síðan jarðsettur 13. febrúar sama ár. Gunna og Sæmi voru afar stolt þegar þau heyrðu hversu vel honum gekk í skóla á Selfossi og Sæmi fylgdist hreykinn með velgengni hans síðar meir, bæði í námi og störfum.



Þessi mynd af fjölskyldunni var einnig tekin í fermingu Guðmundar árið 1960, fimm árum áður en Gunna dó. Það er greinilegt á þessari mynd að hún er fjarveik og í krabbameinsmeðferð. Aftari röð frá vinstri: Gunna (fertug), Guðmundur (13 ára) og Sæmi (44 ára). Fremri röð: Hreiðar (11 ára), Matti (5 ára) og Siggi (8 ára).

Priðji hluti: Afleiðingarnar

Veikindi Gunnu voru mikil og margvísleg um ævina. Hún vildi lítið um þau tala við strákana og opinberir aðilar hafa neitað sonum hennar um aðgang að læknaskýrslum hennar svo að sumt kann hér að byggjast á ágiskunum en þó hefur verið reynt að spyrjast fyrir eftir mætti. Að öðru leyti er hér byggt á því sem Sæmi og hún sjálf sögðu frá um það sem hrjáði hana.

Fljótlega eftir að hún missti börnin sín þrjú fór að bera á sáru þunglyndi og andlegri áþján sem yfir hana lagðist í sorginni enda var ekki um neina áfalla-hjálp að ræða á þessum árum. Hún leitaði til ýmissa lækna, heimilislækna og sérfræðinga, fékk margs konar lyf og dvaldi á stofnunum um skemmri tíma oft en einu sinni. Bláa bandið, Farsóttarhúsið og Kleppsspítali voru

þeirra á meðal. Hún leitaði einnig til miðla og fólks sem hjálpaði öðrum með fyrirbænum og annarri heilun. Sæmi var líka afar langt niðri á þessum árum en það kom öðruvísi út hjá honum, hann einangraði sig og forðaðist samskipti við aðra, byrgði allt inni en grét inn í sig sorgina og veikindi Gunnu sinnar.

Hvernig lýstu þessi andlegu veikindi sér? Þeir sem umgengust Gunnu vissu í raun lítið um líðan hennar nema hvað þeir vissu að henni leið illa. Hún grét mikið í þessum köstum, átti erfitt með að tala við annað fólk, fannst allt svo vonlaust og ömurlegt, saknaði dáu barnanna sinna, var sinnulaus um heimilið og strákana og oftast en ekki ásakaði hún Sæma og fannst hann hvorki skilja sig né sýna sér umhyggju. Þessar ásakanir voru auðvitað ekki réttar, heldur hluti sjúkdómsins. Mjög oft sneri hún sér þess í stað til elsta sonarins fyrst eiginmaðurinn var ekki í náðinni, trúði honum fyrir vanlíðan sinni og dimmum hugsunum. Honum fannst þetta oft erfitt.

Ásakanirnar beindust ekki aðeins að öðrum heldur kannski fyrst og fremst að henni sjálfri. Sjálfsásakanirnar eru áreiðanlega erfiðari en flest annað. Stundum voru köstin svo erfið að drengjunum var komið fyrir í einhvern tíma, til dæmis hjá einhverri systranna á Selfossi eða vestur á Sandi. Það gerðist líka þegar Gunna þurfti að leggjast inn á spítala eða aðra sjúkrastofnun vegna þunglyndisins. Ekki er vitað til að hún hafi reynt sjálfsvíg en stundum tók hún stærri lyfjaskammta en hollt var. Hún leitaði til margra lækna í Reykjavík, auk heimilslæknisins. Ýmsir sérfræðingar á sviði tauga- og geðlækninga fengu heimsóknir frá henni og oft bar það árangur en alls ekki alltaf. Og oft tók batinn langan tíma.

Í raun tóku þessi andlegu veikindi langan tíma í heild. Kannski hafði hún tilhneigingu til þunglyndis og kvíða allt frá unga aldri þótt raunar sé ekkert sem bendir til þess. Sennilegast er því að þetta hafi verið afleiðing áfallanna miklu er hún missti þrjú fyrstu börnin sín og var sjálf ekki nema 25 ára þegar það þriðja dó. Þótt hún hafi átt mörg góð tímabil inn á milli stóðu þessi andlegu veikindi yfir allt til dauðadags. Þó var það einhvern veginn svo að þegar líkamlegu sjúkdómarnir herjuðu á hana sem ákafast var hún sterkust og heilbrigðust andlega. Um það vitna margir.



Þessi mynd er tekin ári áður en Gunna dó. Þarna er hún í sjötugsafmæli Þuríðar móður sinnar 1964. Við hlið hennar situr Guðrún, systir Þuríðar, þá er Þuríður, svo Guðbjörg og loks Dúa, frænka Þuríðar. Þarna er Guðrún 44 ára gömul.

Krabbameinið

Eins og áður hefur verið nefnt komu áföllin einnig út í langvarandi líkamlegum veikindum Guðrúnar. Vissulega reykti hún alla sína ævi en miklu nær er að halda að krabbameinið sem hún þurfti að berjast áralangri baráttu við hafi ekki síður orðið til vegna áfalla og ómeðhöndlaðrar sorgar. Tengsl andlegrar og líkamlegrar heilsu eru sterk, ekki síst á það við um krabbamein.

Gunna fékk krabbamein í brjóst og voru bæði brjóstin numin brott á endanum. Einnig var legið tekið þegar bera fór á óeðlilegri frumumyndun þar. Þessi barátta stóð frá því um 1950 og til dauðadags eða í um 15 ár. Ýmsir aðrir kvillar hrjáðu hana enda ónæmiskerfið veikburða og viðnámsprekið lítið. Gigtarsjúkdómar, vöðvabólgur, liðverkir, lungnateppa og höfuðkvalir – það var raunar fátt sem ekki kvaldi hana einhver tímabil og stundum margt í einu. Snemma árs árið 1965 var orðið ljóst að hverju stefndi. Krabbameinið var komið í lungun og síðan beinin. Gunna var ótrúlega sterk og sýndi mikið æðruleysi gagnvart veikindunum. Kannski vildi hún ekki viðurkenna hve alvarlegt þetta var orðið. Hún lét strákunum sínum að minnsta kosti skiljast að þetta væri allt á réttri leið og myndi lagast fljótlega.

Magga eiginkona Gísla bróður hennar umgekkst hana mikið þessa síðustu mánuði sem hún var heima. Gunna kom til hennar nánast daglega í strætó

en Magga var þá ólétt að Soffíu og var alveg heima. Saman sátu þær við hannyrðir. Gunna lærði af henni að hekla og heklaði sér fallega peysu sem henni tókst að ljúka við áður en hún lagðist inn á spítala. Einhvern fyrstu dagana sem hún lá inni fékk hún eina af systur sínum til að aka sér niður í bæ og kaupa garn í pils sem hana langaði til að þrjána við nýju peysuna sem hún var svo hreykin af.

Siggi sonur hennar hafði átt að fermast um vorið en því var frestað til haustsins og Gunna tók ekki annað í mál en að hann fengi veislu eins og hinir og var veislan haldin í Stóragerði 7 þar sem fjölskyldan átti þá heima. Hún var þá komin á Vífilsstaðaspítala en kom heim af spítalanum í tvær vikur til að sinna veisluundirbúningnum og veislan var haldin. Það voru dýrmætar vikur með henni. Að veislunni lokinni lagðist hún aftur inn og átti ekki afturkvæmt þaðan. Þá loksins virtist hún hafa viðurkennt fyrir sjálfri sér hvernig komið væri. Einhverju sinni þegar elsti sonurinn sat hjá henni einn sagði hún honum að hún vissi að hverju stefndi, hún mundi deyja úr þessum hræðilega sjúkdómi. Hún sagði honum að læknirinn hefði samt ekki viljað staðfesta þetta við sig. Hún bað hann síðan að halda þessu alveg fyrir sig, hann mætti ekki segja hinum strákunum neitt og því síður pabba sínum, það yrði bara til að fylla þá af sorg og kvíða.

Tveimur eða þremur dögum seinna kallaði Sæmi þennan sama elsta son á eintal heima og sagðist hafa talað við lækninn hennar mömmu hans fyrir nokkrum dögum. Hann hefði sagt sér að hún væri dauðvona og ætti skammt eftir ólifað. Hann mætti þó alls ekki segja mömmu sinni þetta, hún yrði að fá að trúa því að sér batnaði. Læknirinn hefði líka lofað því að þegja um þetta við hana. Yngri strákarnir hefðu heldur ekkert að gera með að vita þetta strax, það mundi bara valda þeim óöryggi og kvíða.

Elsti sonurinn sat því uppi með vitneskjuna og ábyrgðina á að ekkert fréttist um raunverulegt ástand. Hann var aðeins nýorðinn 19 ára og þurfti að gera sér upp áhyggjuleysi gagnvart yngri bræðrum sínum, Hreiðari 17 ára og Sigga 14 ára. Þeir voru látnir halda að móðir þeirra væri jafnvel á batavegi og kæmi aftur heim innan tíðar. Þeir fengu því engan undirbúning undir það sem gerðist örfáum vikum síðar. Þessi þöggun og ótti við dauðann var ekki neitt einsdæmi heldur kannski frekar vaninn á þessum árum.

Þau skiptust á að sitja yfir henni – Sæmi, Guðmundur og systur Gunnu, einkum þær Bogga, Sigga og Hanna. Hreiðar, Siggi og Matti þóttu of ungir

Gunna (45 ára)
dansar við Sigga á
fermingardeginum
hans haustið 1965.
Veislan var haldin í
Stóragerði 7. Fyrir
aftan þau dansar
Gunna Magga,
dóttir Guðjóns og
Beggu, systur Sæma.



til annars en koma í stuttar heimsóknir til að kveðja hana. Margir ættingjar
og vinir heimsóttu hana síðustu dagana en hún var meðvitundarlítill þessa
daga, orðin algjörlega magnþrota og gat hvorki nærst né drukkið sjálf.

Áhrif veikindanna á heimilið

Siggi hefur oft orðað það þannig að heimilið hafi verið brotið á uppvaxtarárum hans. Víst er um það að oft var erfitt á heimilinu. Sæmi einangraði sig frá sorginni vegna barnamissisins og heilsuleysis Gunnu með því að dunda sér í frímerkjunum sínum og binda inn bækur, notaði vinnu og annríki sem meðal. Þar lærðu synir hans þá aðferð til að fjarlægjast erfiðleikana án þess að leysa þá beint, mæta andstreymi og áföllum með þögn og vinnusemi. Ekkert er þó auðveldara en að misskilja þögn og afskiptaleysi. Þess vegna var Gunna oft ósátt við Sæma sinn. Hún var þeirrar gerðar að vilja heldur ræða hlutina, gráta og syrgja en feta sig svo á ný inn á braut gleði og jákvæðni, bjartsýni og þakklætis fyrir það góða sem lífið hafði þrátt fyrir allt upp á að bjóða.

Hennar aðferð dugði ekki heldur. Áföllin nöguðu líkama og sál. Gunna var oft sjúk og heimilið snerist langtímum saman um að henni liði betur. Sæmi brýndi fyrir drengjunum að vera stilltir og meðfærilegir svo að mamma þeirra yrði glaðari og liði betur. Þetta var auðvitað vel meint hjá honum en smátt og smátt varð þetta til þess að þeir fóru að álíta að vanlíðan hennar og veikindaköst væru á einhvern hátt eða að einhverju leyti þeim að kenna. Það var ekki gott.

Þegar þeim mistókst að vera hljóðlátir og rólegir og leikurinn snerist upp í áflog og hamagang eins og alltaf gerist hjá barnahóp með mikla orku voru þeir stundum minntir á hve stilltur og góður Hreiðar elsti bróðir þeirra hefði alltaf verið. Þeir trúðu því auðvitað vel enda var hann dáinn og orðinn engill. Um leið fóru þeir að halda að það væri eitthvað að sér.

Vissulega voru þeir frekar ódælir og erfiðir. Við öðru var ekki að búast eftir öll þessi áföll foreldra þeirra sem þeir hvorki gátu sett sig inn í né skildu. Stundum voru þeir mjög afbrýðisamir út í allar konurnar sem alltaf voru að heimsækja mömmu þeirra. Þeir voru sendir út að leika þegar þær komu og auðvitað fannst þeim þeir settir til hliðar og skildu ekki þessa eilífu þörf hennar til að vera alltaf að drekka kaffi með þeim, reykja og spjalla endalaust. Sérstaklega fór það í taugarnar á þeim þegar unglingsstelpur, kannski tveimur árum eldri en sá elsti, voru að koma og hanga yfir henni og rekja fyrir henni ástarsorgirnar og foreldravandamálin. En áreiðanlega voru ráðleggingar hennar þeim mikilvægar í þeirra lífi. Stundum hafði hún jafnvel sterk áhrif á maka- eða ástvinaval þeirra.



Þótt Gunna væri orðin mikið veik árið 1964 var ekki við annað komandi en að hún færi í sjötugsafmæli Þuríðar móður sinnar. Hún harkaði af sér og skemmti sér vel enda mjög félagslynd. Aftari röð frá vinstri: Gísli (38 ára), Munda (39 ára), Helga (31 árs), Sígga (41 árs) og Rúnar (37 ára). Fremri röð: Bogga (42 ára), Gunna (44 ára), Þuríður (sjötug), Hanna (fertug) og Rúna (43 ára).

Afskiptaleysi Sæma vakti líka vondar tilfinningar í brjóstum drengjanna. Það kom eitt sinn fyrir að þeir köstuðu oddhvössum pílum í kili bóka sem hann hafði bundið inn, bara til að kalla eftir athygli og skömmum. Hugur þeirra fyllist enn ónotum við að hugsa til baksvipsins á föður sínum þar sem hann sat við skrifborðið og grúfði sig yfir frímerkin sín. Samt voru þeir stundum að reyna að fylgja fordæmi hans og safna frímerkjum og hann vildi gjarnan hjálpa þeim við það en hann var orðinn svo dulur, sorgmæddur og inn í sig og um leið ópolinmóður að það gekk ekki alls kostar vel. Ekki fyrr en kannski löngu síðar þegar hann var orðinn gamall maður.

Annars gerðu drengirnir ansi margt til að kalla á athygli mömmu sinnar og pabba. Flest af því má alveg liggja í þagnargildi enda muna þeir bræður þessi tilvik á mismunandi hátt. Þeir nýttu sér þó vel þau tilvik sem buðu upp á meiri athygli þeirra. Guðmundur nýtti sér til dæmis vel þegar hann

datt á hausinn og varð rangeygur. Honum þótti gaman að fara með mömmu milli augnlækna, prófa gleraugu sem hann mөлvaði strax af því að honum var strítt á þeim í skólanum og svo framvegis. Hreiðar nýtti sér það líka út í ystu æsar þegar hann fékk sjaldgæfan tímabundinn hrörnunarsjúkdóm sem leiddi til þess að annar fóturinn á honum hætti að vaxa um hríð. Siggi notaði ýmis ráð enda var hann líklega sá uppátækjasamasti af þeim öllum.

Rétt er að leggja áherslu á að drengirnir þrír voru oftast nær góðir og stilltir og í raun áttu þeir ekki slæma æsku. Í Efstasundinu var mikið frelsi til leikja og Gunna og Sæmi hugsuðu vel um þá og þeir áttu margar yndislegar stundir með þeim, ýmist báðum saman eða hvoru fyrir sig.

Trúin á Guð og annað líf

Eitt af því sem mörgum þótti skemmtilegast að ræða um við Gunnu var trúmál. Hún var mjög trúuð á sinn hátt enda alin upp í sterkri trú. Guð var fyrir henni persónulegur, miskunnsamur og kærleiksríkur. Hann fyrirgæfi mönnum allt ef þeir vildu fyrirgefningu hvort sem syndir þeirra eða misgjörðir væru smáar eða stórar. Hann væri alvaldur en þó bæri ekki að kenna honum um það sem aflaga færi í heiminum. Þetta var sennilega sá trúarlegi bakgrunnur sem hún fékk heiman af Hurðarbaki.

Gunna var ekki mjög kirkjurækin en iðkaði trú sína heima við, það til Guðs sjálf og kenndi sonum sínum fjölmargar bænir. Hún hafði einnig ýmsar kristnar siðvenjur eins og að signa þá kvölds og morgna og krossa yfir leiði þegar farið var í kirkjugarðinn.

Hún hafði sterkar skoðanir á prestum. Henni líkaði best við þá sem boðuðu kærleika og fyrirgefningu, presta eins og sr. Garðar Svavarsson og sr. Árelíus Níelsson sem voru sóknarprestarnir hennar, hvor á eftir öðrum. Hún hafði hins vegar skömm á þeim prestum sem skömmuðu fólk fyrir syndir sínar og bresti og lýstu Guði sem miskunnarlausum dómara. Í sérstöku uppáhaldi hjá henni voru þeir prestar sem litu á trúna á framhaldslíf í anda spíritismans sem eðlilegan hluta af kristnum boðskap.

Sennilega hafði Gunna alla tíð haft dulræna hæfileika og verið jafnvel ofurnæm. Að minnsta kosti var hún alltaf afskaplega næm á líðan og hugsanir annarra. Hins vegar eru ekki heimildir um að hún hafi nýtt hæfileika sína fyrr en eftir að hún missti börnin sín þrjú.

Gunna var oft önnur kafin við að spá í bolla fyrir fólk, aðallega þó konur. Hún þótti sérlega fær á því sviði og las oft miklu meira úr bollunum en þar rúmaðist. Stundum var hún í einhvers konar spátransi þegar hún spáði í bollana, horfði varla í þá en talaði og talaði.

Hún spáði yfirleitt í sérstaka breiða kaffibolla sem hún átti. Fólk fékk svart og sykurlaust nýuppáhellt kaffi í bollann sinn og drakk það í rólegheitum. Þegar bollinn var tómur tók það bollann og sneri honum með hægri hendinni kringum höfuð sér, fyrst þrisvar réttsælis, síðan þrisvar rangsælis og krossaði síðan fyrir framan sig með þeim, fyrst niður og síðan frá vinstri til hægri og blés í bollann um leið til að andi þess færi í bollann. Bollinn var síðan látin á hvolf til að þorna í stutta stund, helst á ofni eða í glugga.

Þá tók Gunna bollann og byrjaði að spá. Það kom þó fyrir að fólk kom með bollana sína með sér og var þá búið að fylgja ofangreindum reglum heima hjá sér. Þegar spádómnum var lokið fékk fólk aftur kaffi í bollann sinn og drakk það og innsiglaði þannig spádóminn.

Þeir sem komu til hennar og hún spáði fyrir voru gjarnan konurnar í hverfinu og hálfvallorðnar dætur þeirra. Einstaka karl eða strákur bað hana um að spá en þeir voru fáir og fóru laumulega að því. Þegar elsti sonurinn var orðinn unglingur spáði hún stundum fyrir honum og honum fannst mikið að marka þessa spádóma og fannst þeir koma fram.

Eftir að börnin þrjú dóu stundaði Gunna miðilsstörf með litlum hópi vina og vandamanna. Formið á þessum fundum var „andaglas“. Sæmi hafði smíðað og útbúið forlata kringlótt spjald sem milli funda var geymt bak við skáp. Bakhliðin á því var rauð. Spjaldið var sennilega um 50 sentimetrar í þvermál. Yst voru allir íslenskir bókstafir málaðir í hring. Inni á spjaldinu voru svo reitir fyrir kveðjurnar „Komið þið sæl“ og „Verið þið sæl“. Þá var fallegur kross málaður á spjaldið og við hann stóð „Guð blessi ykkur“. Þá voru reitir fyrir „Já“ og „Nei“ á spjaldinu og einnig reitir fyrir stjórnandann í andaheiminum og verndarann svo að þeir gætu látið vita af sér beint.

Með spjaldinu eða borðinu var svo sérstakur stór bolli. Til að hann skrapaði ekki spjaldið hafði bútur úr þykku efni verið sniðinn yfir opið á honum og límdur fyrir hann. Þessi bolli var hið eiginlega „andaglas“. Hugmyndin var að allir viðstaddir styddu fingri á botn bollans sem sneri upp og þannig fengi hann kraft til að hreyfast og flytja skilaboð. Andaglasíð var þó í rauninni aðeins formsatriði eða rammi utan um miðilsfundina sem fóru þannig fram:

Ljósinn í stofunni voru slökkt og dregið fyrir gluggana en kveikt á kertum. Spjaldið var sett á kringlóttu stofuborðið og þátttakendurnir settust allir í kringum borðið. Gunna sat alltaf á sama stað. Eftir nokkurra mínútna hljóða stund sýndi hún að hún væri tilbúin með því að leggja fingur á bollann. Aðrir viðstaddir fóru þá að dæmi hennar og hún bað þá að reyna að hugsa ekki um neitt sérstakt og loka augunum. Sjálf lokaði hún augunum og fór fljótlega í einskonar hálftrans. Bollinn fór að hreyfast, fyrst hægt og síðan hraðar. Yfirleitt staðnæmdist bollinn fyrst hjá stjórnandanum sem hét Gústi og var einhver sem Gunna og Sæmi vissu hver hafði verið í lifanda lífi. Verndari Gunnu lét líka vita af sér en það var látinn læknir, Sigurður Waage, bróðir Ingibjargar í Efstasundi 30 og Guðrúnar Waage sem líka var miðill og bjó á horni Hólsvegar og Hjallavegar. Gunna hafði oft farið til hennar til að sækja sér hjálp á erfiðum stundum og hjá henni fékk hún þjálfun. Þegar hér var komið sögu var bollinn hættur að hreyfast mikið en Gunna talaði þess í stað og sagði hverjir væru komnir á fundinn handan að og hvaða skilaboð þeir hefðu. Fundirnir stóðu oftast í 60 - 90 mínútur og oftast var það Gústi sem tók af skarið og ákvað að slíta fundi. Eftir fundina var Gunna þreytt en um leið afskaplega sæl og ánægð. Stjórnunin var greinilega góð því að aldrei var talað um að neitt óhreint eða óþægilegt kæmi í gegn eins og oft vill verða á svona fundum ef ekki er varlega farið.

Auk stjórnandans og verndarans voru margir framliðnir sem gerðu vart við sig á fundunum. Oftast komu nánustu ættingjar, nýdánir eða sem höfðu dáið löngu fyrr, bæði ættingjar Gunnu og Sæma og ættingjar annarra sem tóku þátt í fundunum. Hreiðar sem dó var fastur gestur á fundunum en einnig komu systurnar Guðmunda og Lilla mjög oft. Þegar frá leið þróuðust þeir framliðnu. Hreiðar fór til dæmis fljótlega að læra til læknis í handanheimum og sagði oft frá því sem hann var að gera og læra. Þeir sem voru nýdánir stoppuðu yfirleitt stutt við og voru stundum ruglaðir og sorgmæddir en vildu samt láta vita af sér.

Þeir sem tóku þátt í þessum miðilsfundum með þeim Gunnu og Sæma voru ýmsir og ekki alltaf þeir sömu. Þarna voru oft nágrannar og vinir, alloft ættingjar Sæma og einstaka sinnum ættingjar Gunnu, þó sjaldnar. Það var ekki fyrr en alveg í lokin sem elsti sonurinn fékk leyfi til að vera með en stundum kom það fyrir að strákarnir laumuðumst til að vera inni í stofu og fylgjast með þegar þeir áttu að vera sofnaðir inni í svefnherbergi. Einhvern

tíma fannst Siggi sofandi undir borði eftir einn fundinn en oftast tókst þeim að komast út óséðir.

Þeir sem tóku þátt í þessum fundum voru yfirleitt sammála um að þeir hafi verið vel heppnaðir og gefandi, veitt ýmis óyggjandi svör og jafnvel upplýsingar sem hægt væri að líta á sem sannanir. Þá voru þeir greinilega mikil huggun þeim sem söknuðu látinna ástvina sinna og fyrir Gunnu og Sæma var ómetanlegt að geta á þenna hátt haft samband við börnin sín sem dóu.

Andlát og framhaldslíf

Guðrún lést 23. nóvember 1965. Hún var þess fullviss að hennar biði ekki bara dauðinn, heldur nýtt líf meðal þeirra sem farnir væru, nýtt yndislegt ævintýri. Kvíðinn var því ekki eins sár og annars hefði verið þótt auðvitað hljóti alltaf að vera sárt að þurfa að kveðja ástvini sína og börn.

Gunna er því ekkert horfin, það er áreiðanlegt. Þar sem hún er nú fylgist hún örugglega vel með afkomendunum og reynir að rétta þeim hjálparhönd. Sumir sona hennar hafa farið á nokkra miðilsfundi um ævina og alltaf er hún nærri þótt hún hafi sig ekki mikið í frammi, er nálæg og fylgist vel með. Hún virðist vera önnum kafin við að hjálpa sálum sem lent hafa í svipuðum hremmingum og hún í lífinu. Fyrstu árin eftir andlát Gunnu reyndi Sæmi með aðstoð sonanna að ná sambandi við hana með aðferðum hennar sjálfrar, þ.e. „andaglasi“. Það gekk reyndar en miklu hægar og stirðar en þegar hún sjálf var hérna megin grafar. Oft þurfti að stafa skilaboðin og svörin frá orði til orðs. Kannski var það þess vegna sem þeir hættu þessu fljótt.

Jarðarför og erfiljóð

Jarðarförin fór fram 30. nóvember 1965. Jarðarfarartilkynningin í Morgunblaðinu hljóðaði svo:¹³

Eiginkona mín, dóttir, móðir og amma,
GUÐRÚN ÁRNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR
frá Hurðarbaki,
verður jarðsungen frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 30. þ.m. kl. 10.30.

Sæmundur Elimundarson,
Þuríður Árnadóttir,
Guðmundur Sæmundsson,
Hreiðar Sæmundsson,
Sigurður Sæmundsson,
Matthías Sæmundsson,
Ólafur K. Guðmundsson.

Í kirkjunni las presturinn, sr. Garðar Svavarsson, upp ljóð sem elstu sonurinn Guðmundur hafði samið um hana látna. Athygli vakti að presturinn viknaði við flutninginn og átti erfitt með að flytja það. Kvæðið birtist (örlítið stytt) í Morgunblaðinu með minningargrein um hana og hljóðar svo í fullri lengd:

Ó, móðir mín kæra

Ó, móðir mín kæra, ég kveðju mína ber,
með kærleiksfullum huga ég þakkar sendi þér.
Mig þú hefur annast með ást frá fyrstu tíð
unga drenginn styrkti móðurhöndin blíð.
Og núna ertu horfin, en hlustar samt á mig,
er hryggur nú ég reyni að yrkja ljóð um þig.

Þú fæddir litla Hreiðar, sem hvarf á braut svo skjótt
þú harmi þínum leyndir, þó ei þér væri rótt.
Svo eignaðist þú stúlkubörn sem til sín drottinn tók,
það táraflóði olli og sálarharminn jók.
En hreysti þín og orka, hún græddi sárin gljúp,
þú gekkst á ný til lífsins, þótt sorgin væri djúp.


Þú eignaðist drengi fjóra, Hreiðar Þór og hinn,
sem hripar þessar línur, og Matta og Sigga þinn.
Og syni þína litlu, þá ólstu upp með dug,
og elsku þeim þú kenndir með þínum blíða hug.
Því kraftur þinn og hugdirfð kom sér ætíð vel,
og kjarkur þinn til lífsins efldi hugarþel.

Þótt börnum þínum mættir þú gefa mjólk og brauð,
þá miklar sorgir kvöldu, þú leystist ei frá nauð,
því heilsan þín hún linaðist í lífsins kalda snjó,
samt lamaðist ei sálin þín, því inni fyrir bjó
þrek og dirfð mót kvölum og kjarkur, harður, stór,
og kveinstöfum þú gleymdir, þótt þrengdi dauðans skór.

Og trúin þín á drottin var dæmalaus og sterk,
þótt dagsins kvalir þínu með særindum og verk,
þú elskaðir það, sem lifir, og lífið móti skein,
þótt linuðust þínir fætur og veiktust öll þín bein,
því sálin þín var heiðrík og hugur þinn var knár,
og hjarta þitt var blíðlynt, þótt ýfðust gömul sár.

Við vitum öll, að launin, sem ljúfa hjartað fær,
er líðan betri, er syni og dætrum sín er nær.
Og þú ert alltaf nálæg og hjálpar okkar hug,
og herðir okkar sálu og gefur kjark og dug.
Nú stríði þínu er lokið og kinnin þín er köld.
Ég kveð þig svo mín móðir, við hittumst seinna í kvöld.

Guðmundur Sæmundsson



Þessi mynd af Gunnu (45 ára), Ólafi Kristni Guðmundssyni (á 1. ári) og Sæma (fimmtugum) var tekin á Vífilsstaðaspítala skömmu áður en hún dó árið 1965.

Lokaorð: Arfur Gunnu

Áhugavert og forvitnilegt er að fjalla svolítið um arfinn eftir Guðrúnu. Í rauninni er það svolítið merkilegt að einstaklingur sem legið hefur í gróf sinni í hálfa öld skuli enn eiga svo ríkan arf og djúp spor í afkomendum sínum. Hver er þá þessi arfur? Ekki felst hann í veraldlegum auðæfum eða hlutum sem enn eru til. Að vísu er eitthvert smáræði til af slíku, svo sem snyrtiborðið hennar, nafnabókin frá Laugarvatni, ásamt ljósmyndum og leifum af bollastelli. Nei,

arfurinn er kannski fyrst og fremst fólgin í minningum þeirra sem muna hana, frásögnum þeirra af henni og lífi hennar og svo þeim sérkennum og kostum sem afkomendurnir hafa erfð frá henni.

Margir muna hana Gunnu og hafa varðveitt af henni einhverja mynd í huga sér. Þar ber fyrst að nefna bræðurna Guðmund Kristinn, Hreiðar Þór og Sigurð Rúnar. Einnig eru margir af eldri ættingjum þeirra sem muna hana, þeir sem eru komnir vel yfir miðjan aldur, bæði ættingjar í móðurætt og föðurætt. Þá eru einnig ýmsir gamlir vinir og nágrannar sem muna hana vel. Eitt barnabarn Gunnu náði að hitta hana, það var elsta barnabarnið hennar, Ólafur Kristinn Guðmundsson sem fæddist sama ár og hún dó. Honum þykir alveg örugglega vænt um að vita að hún skuli hafa strokið honum um vanga og koll þótt hann sé sjálfur búinn að gleyma því. Næstelsta barnabarnið fæddist tæpu ári eftir að hún dó. Það var alnafna hennar, Guðrún Árný Guðmundsdóttir sem lengi vel var eini kvenkyns afkomandinn hennar, alveg þar til hún sjálf bætti um betur og eignaðist dótturina Elínu. Margir hafa haft á orði hve líkar þær Gunnurnar tvær séu, hið innra og hið ytra. Það á ekki síður við um aðra kvenkyns afkomendur hennar þótt yngri séu – þær Elínu, Erlu Diljá, Matthildi, Jóhönnu Steinu, Áróru Sirrí og Evu Lovísu. Þótt þessar yndislegu og góðu stúlkur og konur séu hver annarri ólíkar eru þær allar á einhvern hátt mjög líkar Gunnu.

Karlmennirnir í afkomendahópnum bera ekki síður svip af Gunnu. Matthías og Guðmundur hafa alltaf verið taldir líkastir henni í útliti en sé vel að gáð má auðveldlega finna innri sem ytri líkindi milli Gunnu og allra karlanna og strákanna í hópnum – þeirra bræðra Hreiðars og Sigga, og síðan Ólafs Kristins, Friðriks, Sæmundar Þórs, Örnólfs Þórs, Atla Sævars, Heimis Dúns, Kristófers Jökuls, Matthíasar Rúnars, Arngríms Jóns, Arons Bjarka, Gunnars Inga, Elvars Arons, Mána, Þórs, Dags, Elfars Bjarka, Jökuls og Baldurs Leós.

Margt er líkt með skyldum. Sumir líkjast hver öðrum í útliti, hafa eins rödd, hugsa á líkan hátt, hafa sömu kæki eða venjur og enn aðrir hafa sams konar augu, eyru, nef, fingur eða fætur. Loks eru þeir sem hafa svipaða hæfileika eða áhugamál.

Niðjatal Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur

- 0 Guðrún Árný Guðmundsdóttir, 27. febrúar 1920 – 23. nóvember 1965, húsmóðir. Maki: Sæmundur Bergmann Elimundarson frá Hellissandi, 6. október 1915 – 15. desember 2002, verkamaður, síðar sjúkraliði og kaupmaður. Þau bjuggu í Reykjavík.
- 1a Hreiðar Sæmundsson, 24. júlí 1940 – 4. júlí 1945.
- 1b Lilla (óskírð) Sæmundsdóttir, 7. október 1943 – 21. febrúar 1944.
- 1c Guðmunda Sæmundsdóttir, 19. desember 1944 – 11. febrúar 1945.
- 1d Guðmundur Kristinn Sæmundsson, 3. nóvember 1946, háskóla-kennari. Maki: Ingibjörg Jónsdóttir Kolka frá Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi og Hólum í Hjaltadal, 13. janúar 1972, menntaskóla-kennari, MA og doktorsnemi. Börn hans eru sex, öll úr fyrri samböndum:
- 1d1 Ólafur Kristinn Guðmundsson, 11. febrúar 1965, fjölvirki og hestamaður.
- 1d2 Guðrún Árný Guðmundsdóttir, 17. september 1966, hjúkrunarfræðingur. Maki: Jósep Sigurðsson frá Húsavík, 9. nóvember 1963, vélstjóri. Börn þeirra eru þrjú og barnabörn tvö:
- 1 d 2a Aron Bjarki Jósepsson, 21. nóvember 1989, knattspyrnumaður og háskólanemi. Maki: Dagný Aðalsteinsdóttir frá Húsavík, 8. júlí 1990, næringarfræðingur. Þau eiga tvo syni:
- 1d2a1 Elfar Bjarki Aronsson, 14. ágúst 2013.
- 1d2a2 Baldur Leó Aronsson, 30. ágúst 2015.
- 1 d 2 b Elín Jósepsdóttir, 1. október 1993, nemi.
- 1 d 2 c Gunnar Ingi Jósepsson, 6. ágúst 1995, nemi og tónlistarmaður. Sambýliskona: Anna Kristín Brynjólfsdóttir frá Brandsstöðum í Blöndudal, 17. desember 1996, tónlistarmaður og nemi.

1d3	Friðrik Atlason, 5. desember 1975, teymisstjóri. Ólst ekki upp hjá blóðföður. Maki: Berta Finnbogadóttir frá Akranesi, 13. mars 1971, flugfreyja. Hann á tvö börn úr fyrra sambandi og hún tvö:
1d3a	Elvar Aron Friðriksson, 10. október 2000.
1d3 b	Matthildur Friðriksdóttir, 29. júlí 2004.
1d3c	Gede Gunung Týr Dediksson, 31. janúar 2007
1d3d	Kadek Dharma Sól Dediksdóttir, 31. janúar 2007.
1d4	Atli Sævar Guðmundsson, 3. janúar 1980, tölvunarfræðingur og tónlistarmaður. Maki: Dóra Gígja Þórhallsdóttir úr Garðabæ, 10. febrúar 1984, verslunarmaður og hönnuður.
1d4a	Áróra Sirrí Atladóttir, 6. október 2013.
1d5	Heimir Dúnn Guðmundsson, 7. mars 1982, vöruhússtjóri. Maki: Lís Björg Lárusdóttir úr Reykjavík, 11. júní 1982, lögfræðingur. Dóttir þeirra er:
1d5a	Eva Lovísa Heimisdóttir, 15. ágúst 2014.
1d6	Kristófer Jökull Guðmundsson, 7. október 1987, þýðandi. Maki: Krystyna Maria Gadek frá Póllandi, 17. júní 1991, saxófónleikari.
1e	Hreiðar Þór Sæmundsson, 6. júlí 1948, fv. verslunarmaður. Hann á einn son:
1e1	Örnólfur Þór Hreiðarsson, 7. apríl 1976.
1f	Sigurður Rúnar Sæmundsson, 10. nóvember 1951, veitingamaður. Maki: Saythong Sæmundsson frá Tælandi, 10. nóvember 1976, veitingamaður. Börn Sigurðar eru:

1f1	Sæmundur Þór Sigurðsson, 9. september 1974, ferðaþjónustumaður, málari og múrari. Maki: Bergþóra Kristjánsdóttir frá Mývatnssveit, 22. janúar 1978, landvörður og ferðafrömuður. Hann á fjögur börn, þar af þrjá syni með Bergþóru:
1f1a	Erla Diljá Sæmundsdóttir, 13. október 1995, háskólanemi.
1f1b	Þór Sæmundsson, 29. mars 2010.
1f1c	Dagur Sæmundsson, 23. júní 2012.
1f1d	Jökull Sæmundsson, 4. febrúar 2015.
1f2	Matthías Rúnar Sigurðsson, 2. febrúar 1988, myndlistarmaður.
1f3	Arngrímur Jón Sigurðsson, 2. febrúar 1988, myndlistarmaður.
1f4	Vai Sawitree Maniterm, 24. maí 1997 (stjúpdóttir Sigurðar), nemi.
1f5	Máni Sigurðsson (skráður Sæmundsson í Tælandi), 26. nóvember 2007.
1g	Matthías Viðar Sæmundsson, 23. júní 1954 – 3. febrúar 2004, háskólakennari og bókmenntafræðingur. Ólst upp hjá Jóhönnu, systur Guðrúnar, og Sigurði eiginmanni hennar. Ekkja: Steinunn Ólafsdóttir, 25. janúar 1962, mannfræðingur og leikari. Dætur þeirra eru tvær:
1g1	Nanna Elísa Jakobsdóttir, 21. september 1990 (stjúpdóttir Matthíasar), háskólanemi og fjölmiðlamaður.
1g2	Jóhanna Steina Matthíasdóttir, 11. júní 2001. ⁹

Heimildir

1. *Afmælisrit Jóns Helgasonar – 30. júní 1969.* (1969). Reykjavík: Heimskringla.
2. *Árbók Ferðafélags Íslands.* (2002). Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
3. Ásgeir Blöndal Magnússon. (2008). *Íslensk orðsifjabók.* (4.pr.). Reykjavík: Orðabók háskólans.
4. DI = Diplomatarium Islandicum - *Íslenzkt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn.* (1900-1904). Reykjavík.
5. Eli Johanne Ellingsve, munnleg heimild frá Svavari Sigmundssyni 2004.
6. Finnur Jónsson. (1907-1915). *Bæjanöfn á Íslandi. Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju*, IV: 412-584. Kaupmannahöfn og Reykjavík.
7. *Grímnir – rit um nafnfræði.* (1981). 2: 28. (Ritstjóri: Þórhallur Vilmondarson). Reykjavík: Örnefnastofnun Þjóðminjasafns.
8. Guðjón Halldórsson. 1965. *Guðrún Árný Guðmundsdóttir – Minning.* Morgunblaðið 30. nóvember 1965, bls. 23. Slóð: <http://timarit.is/>
9. Guðmundur Sæmundsson. (2014). *Hurðarbaksættin. Niðjatal Guðmundar Kristins Gíslasonar og þuríðar Árnadóttur frá Hurðarbaki í Flóa.* Laugarvatn: BláSkógar ehf. [3. útgáfa – 1. útg. 1994, 2. útg. 2004].
10. Guðrún Árný Guðmundsdóttir. (1938 – 1939). *Nafnabók veturinn 1938 – 1939 Laugarvatni.* Hönnuð og gefin af Sæmundi Bergmann Elimundarsyni.
11. Hreiðar Sæmundsson. (1946). *Réttvísín og valdstjórnin gegn EH og JH - Manndráp Hreiðars litla.* Mál nr. 17/1946. Hæstaréttardómur frá 3. apríl 1946.
12. *Íslendingabók.* (2016). Slóð: <https://islendingabok.is/>
13. *Morgunblaðið.* (1965). Jarðarfarartilkynning vegna Guðrúnar Árnýjar Guðmundsdóttur. Sunnudagur 28. nóvember, bls. 22. Slóð: <http://timarit.is/>
14. *Norsk stadnamnleksikon.* (2007). (Ritstj.: Jørn Sandnes og Ola Stems-haug). Oslo: Samlaget.

15. Nýtt fjárhús á Hurðarbaki. (2013, 26. apríl). *DFS.is Fréttablað Suðurlands*. Slóð: <http://www.dfs.is/frettir/>.
16. [Ólafur Árnason]. (Án árs a). *Inglingatal – í niðurstígandi línu til Árna Pálssonar hreppstjóra á Hurðarbaki*. Vélritað handrit úr fórum Þuríðar Árnadóttur frá Hurðarbaki.
17. [Ólafur Árnason]. (Án árs b). *Jörðin HURÐARBAK – Jarðarmat, leigumáli, örnefni o.fl.* Vélritað handrit úr fórum Þuríðar Árnadóttur frá Hurðarbaki.
18. [Ólafur Árnason]. (Án árs c). *Niðjatal Árna Pálssonar hreppstjóra á Hurðarbaki og konu hans Guðrúnar Sigurðardóttur*. Vélritað handrit úr fórum Þuríðar Árnadóttur frá Hurðarbaki.
19. Ólafur Elíundarson. (2004). *Ætt mín og fjölskylda. Ættarsaga og niðjatal Sigurlaugar Cýrusdóttur og Elíundar Ögmundssonar*. Í bókarauka: Ljóð eftir Sigurlaugu Cýrusdóttur. Gefið út af ættingjum sem handrit. Reykjavík.
20. Sigurður Jónsson. (Án árs). *Þuríður Árnadóttir segir frá*. Viðtal á tveimur CD-diskum.
21. *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. (1981). (Ritstjóri: Páll Lýðsson. Höfundar efnis um Villingaholtshrepp og bæi þar: Sigurður Guðmundsson o.fl. og Erlingur Brynjólfsson). Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.
22. Svavar Sigmundsson. (2004, apríl). *Hurðar-örnefni*. Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Slóð: http://www.arnastofnun.is/page/ornefnapistlar_hurd
23. Svavar Sigmundsson. (2009, 20. nóvember). *Hvað merkir bæjarheitið Hurðarbak?* Vísindavefurinn. Slóð: <http://visindavefur.is/svar.php?id=54449>
24. Sæmundur Bergmann Elimundarson. (1946, 14. janúar). *Bréf til Bjarna Benediktssonar borgarstjóra*. Tekið af vef Borgarskjalasafnsins, bjarnibenediktsson.is. Einkaskjalasafn nr. 360. Stjórnmalamaðurinn. Askja 2-8, Örk 8.
25. Sæmundur Bergmann Elimundarson. (2000, 6. október). *Hugleiðingar og minningabrot*. Gefið út sem handrit af höfundi í tilefni 85 ára afmælis hans. Reykjavík.
26. *Örnefnaskrár, heimildir frá Svavari Sigmundssyni 2004*.

Styrktaraðilar bókarinnar

Ingibjörg Jónsdóttir Kolka
Hreiðar Þór Sæmundsson
Sigurður Rúnar Sæmundsson
Saythong Sæmundsson
Ólafur Kristinn Guðmundsson
Guðrún Árný Guðmundsdóttir
Jósep Sigurðsson
Atli Sævar Guðmundsson
Dóra Gígja Þórhallsdóttir
Heimir Dúnn Guðmundsson
Lísa Björg Lárusdóttir
Kristófer Jökull Guðmundsson
Krystyna Maria Gadek
Eyrún Guðmundsdóttir
Gísli Guðmundsson
Margrét Árnadóttir
Þórunn Einarsdóttir
Helga Guðmundsdóttir
Árni Gíslason
Haraldur Magnús Kristjánsson
Guðlaug Guðmundsdóttir
Guðmundur Kr. Jónsson
Lára Ólafsdóttir
Rannveig Bjarnfinnsdóttir
Arnar Þór Guðmundsson
Jórunn Viðar Valgarðsdóttir
Þuríður Ingvarsdóttir
Ingibjörg Einarsdóttir
Guðmunda Ólafsdóttir
Kristín Gísladóttir
Gylfi Már Guðjónsson
Sigurbjörg Bjarnfinnsdóttir
Þorsteinn Helgason
Gunnar Jónsson
Hulda Rúnarsdóttir
Þuríður Þórmundsdóttir
Elín Vilhelmsdóttir
Gunnar Tómasson

Jóhanna Júlía Einarsdóttir
Erna Halldórsdóttir
Viðar Zophoniasson
Kári Jónsson
Kristjana Kjartansdóttir
Páll Valdimar Kolka
Sandra Einarsdóttir
Sigmundur Stefánsson
Þuríður Einarsdóttir
Guðmundur Kristjánsson
Sólveig Friðriksdóttir
Jóhanna Jónsdóttir Lysgård
Alda Einarsdóttir
Anna Kolbrún Þórmundsdóttir
Hákon Hansson
Reynir Guðmundsson
Rúnar Tryggvason
Lena Hákonardóttir
Inga Jónsdóttir
Svava Einarsdóttir
Eiríkur Valdimarsson
Lárus Þór Krisjánsson
Kirsti Arnesen
Kristín Stefánsdóttir
Ólafur Einarsson
Albína Unndórsdóttir
Gerður Unndórsdóttir
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir
Guðný Helga Gunnarsdóttir



Gunna og kvenkyns afkomendur. Við hlið hennar eru Guðrún Árný, Jóhanna Steina og Eva Lovísa. Í neðri röðinni eru Áróra Sirrí, Elín, Erla Diljá og Matthildur.

Fyrir neðan eru synir Gunnu: Hreiðar, Guðmundur Kristinn, Hreiðar Þór, Sigurður Rúnar og Matthías Viðar.



Á þessari síðu eru allir karlkyns afkomendur Gunnu nema synirnir fimm sem eru á síðunni til vinstri. Í efstu röð eru frá vinstri Örnólfur Þór og Matthías Rúnar. Í annarri röð eru Elfar Aron, Kristófer Jökull, Baldur Leó og Friðrik. Í þriðju röðinni eru Þór, Máni, Jökull og Aron Bjarki. Í fjórðu röð eru Arngrímur Jón, Gunnar Ingi, Elvar Aron og Atli Sævar. Í neðstu röðinni eru Ólafur Kristinn, Sæmundur Þór, Heimir Dúnn og Dagur.



